



Fréttamynd ársins 2014



Myndir ársins 2014

- **Blaðamenn** og stjórn málin
- **Ósagðar sögur** um spillingu
- **Nýtt framhaldsnám** í fjölmiðla- og boðskiptafræðum

Blásið á bölmóðinn



- **Blaðamanna-**verðlaun 2014
- **Félagaskrá**
- **Átök um Blaða-**mannafélag fyrir 100 árum

Yfirskrift ráðstefnunnar var Fjölmiðla- og kynbáttardómar og umræða um nýtt framhaldsnám í fjölmiðla- og boðskiptafræðum. Þá var fjallað um bláa fjölmóðinn og samstarfið milli blaðamanna og samfélagsins. Einnig var fjallað um nýtt framhaldsnám í fjölmiðla- og boðskiptafræðum. Þá var fjallað um bláa fjölmóðinn og samstarfið milli blaðamanna og samfélagsins. Einnig var fjallað um nýtt framhaldsnám í fjölmiðla- og boðskiptafræðum.

-Tjáningarfrelsi er ekki frekar en önnur frelsisréttind. Þetta segir dómstóllinn í þessum sama dómi að fyrir-mæli um að hvernig hver sé heimildarmaður að frásögn stríði gegn 10. grein Mannfréttisáttmála. Eyr zou nema önnur veigarnheit sjá um hvernig. Slíkar takmarkanir kalli þó á mjög gaumgæfilega athugun. Í Goodwin málinu taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gert. Málavextir voru þeir að William Goodwin,



EFNI BLAÐSINS



Umræðan

- 4** Birgir Guðmundsson:
Blaðamenn og stjórnámál
- 8** Nýtt framhaldsnám
í fjölmiðla- og boðskiptafræðum

Blaðamannaverðlaun

- 10** Tilnefningar dómnefndar:
Blaðamannaverðlaun 2014
- 11** Verðlaunahafar
og rök dómnefndar
- 12** Björn Vignir Sigurpálsson:
Blásið á bölmóðinn

Verðlaunamyndir

- 14** Verðlaunamyndirnar 2014
- 20** Sören Pagter:
Hugsað upphátt meðan beðið er heimflugs

Félagið

- 22** Birgir Guðmundsson:
Hatrömm átök um tilvist og tilgang
Blaðamannafélags fyrir 100 árum
- 25** Félagatal

Útgefandi: *Blaðamannafélag Íslands*

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Birgir Guðmundsson (birgirg@unak.is).

Prófarkalestur: *Bragi V. Bergmann (bragi@fremri.is)*
Útlitshönnun: *Ásprent*
Prentun: *Ásprent*

Skrifstofa Blaðamannafélagsins
er í Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Sími 553-9155
Bréfsími 553-9177
*Netfang **bi@press.is***
*Heimasíða BÍ **www.press.is***

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 9.00-16.00.
Starfsmenn BÍ eru Hjálmar Jónsson, formaður, og Jóna
Th. Viðarsdóttir, skrifstofustjóri.



Forsíðumyndin

er mynd ársins 2014 sem
Sigtryggur Ari Jóhannsson tók

Ósagðar sögur

Á dögunum var kynnt í Evrópu ný skýrsla um spillingu og hagsmunárekstra í heimi fjölmiðlanna, en skýrslan heitir „Ósagðar sögur – hvernig spilling og hagsmunárekstrar skekja ritstjórnarskrifstofurnar“. Skýrslan er unnin á vegum Nets um siðlega blaðamennsku (Ethical Journalism Network, EJN). Í henni er safnað saman upplýsingum frá vel þekktum blaðamönnum í 18 löndum, sem talin eru nokkuð dæmigerð fyrir þau landsvæði sem þau tilheyra. Í ljós kemur að forráðamenn fjölmiðlafyrirtækja víða um heim hafa verið að semja við auglýsendur um að birta efni sem greitt er fyrir undir því yfirskyni að um fréttæfni sé að ræða og að ritstjórum er mótá af stjórnáráðgjöf og forráðamönnum stórfyrirtækja. Skýrslan dregur fram hvernig þetta er í heild sinnar að gera almenningi erfiðara um vik að skilja á milli blaðamennsku annars vegar og áróðurs og almannatengsla hins vegar. Það vekur athygli að þó skýrslan fjalli um mörg lönd í ólíkum heimshlutum þá virðist vandinn og reynsla blaðamanna í grunninn vera ótrúlega svipuð í ólíkum löndum og á ólíkum svæðum.

Aidan White, fyrrum framkvæmdastjóri Alþjóðasambands blaðamanna og núverandi framkvæmdastjóri EJA bendir sérstaklega á það í tengslum við þessa skýrslu að ríkisstjórnir, stjórnáráðgjafi og fjölbreytt flóra alþjóðlegra fjölmiðlafyrirtækja hafi áhrif á fréttamat, stýri dagskrá fjölmiðlaumræðunnar, þrýsti á blaðamenn og reyni að skerða völd þeirra og áhrif með því að skera niður og beita aðhaldi í ritstjórnarútgjöldum. „Þetta er aðkallandi vandamál sem ætti að valda sérhverjum blaðamanni á sérhverri ritstjórn áhyggjum,“ var haft eftir White í alþjóðlegum miðlum.

Þó skýrslan dragi e.t.v. ekki upp eins dökka mynd af stöðunni í Danmörku (og á öðrum Norðurlöndum) og víða annars staðar, þá er er undirtóninn sá sami. Það á við um Ísland líka. Viðskiptahagsmunir fjölmiðlafyrirtækjanna og hagsmunárekstrar sem þeim tengjast eru ógn við frjálsa og faglega blaðamennsku. Staðan er sérstaklega snúin í kringumstæðum eins og hér á landi þar sem rekstrarskilyrði eru erfið og lítil skilningur í stjórnáráðgjöf eða hjá opinberum aðilum á mikilvægi fjölmiðla sem upplýsingakerfis lýðræðisins. Það upplýsingakerfi er að mestu látið markaðnum eftir – og blaðamönnum sem fagstétt. Fagleg umræða og faglegt sjálfstæði blaðamanna er helsta stoð og mikilvægasti grundvöllur upplýsingakerfis lýðræðis í landinu eins og því er fyrir komið í dag. Því er fyrir öllu að blaðamenn sem stétt rísi undir þeirri ábyrgð sem þeim er falin, en láti ekki rekstrarhagsmuni eigin fyrirtækis eða hagsmunárekstra ráða för. Slíkir hagsmunárekstrar geta leynst víða og í ýmsu formi og hafa lengi verið til staðar. Þannig má í þessu eintaki Blaðamannsins lesa um 100 ára gömul átök um Blaðamannafélag Íslands, hvort það hafi verið lifandi eða dautt og hvort stofnun nýs félags væri í raun rammi utan um sérhagsmuni tiltekinna blaða varðandi blaðskeyti. Blaðamannafélag sem einkum stendur vörð um hagsmuni tiltekinna fjölmiðlafyrirtækja er ekki og getur ekki verið eiginlegt Blaðamannafélag. Ekki fyrir 100 árum, og ekki í dag. Skiptir þá engu máli þótt einhverjir starfsmenn og/eða eigendur þessara fyrirtækja telji viðkomandi fyrirtæki ástunda betri blaðamennsku en önnur. Blaðamannafélag stendur vörð um hagsmuni blaðamanna og hefur þannig stéttafélagshlutverki að gegna og það stendur vörð um faglega blaðamennsku og hefur þá faglegu hlutverki að gegna. Á þeim grunni hlýtur Blaðamannafélag Íslands að starfa.

Birgir Guðmundsson

STJÓRNBLAÐAMANNAFÉLAGS ÍSLANDS

Aðalstjórn:

Hjálmar Jónsson, form.
Óli Kristján Ármannsson, Fréttablaðið, varaform.
Höskuldur Kári Schram, Stöð 2, gjaldkeri
Sólrun Lilja Ragnarsdóttir, DV, ritari
Rakel Ósk Sigurðardóttir
Helga Arnardóttir, RÚV

Varamenn:

Ingveldur Geirsdóttir, Morgunblaðið
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir, Birtingur
Trausti Hafliðason, Viðskiptablaðið

Samningaráð:

Hjálmar Jónsson, formaður BÍ
Óli Kristján Ármannsson, varaform.
Guðni Einarsson, Morgunblaðið
Rakel Ósk Sigurðardóttir
Höskuldur Kári Schram, Stöð 2
Kolbeinn Þorsteinsson, DV
Aðalsteinn Kjartansson, vísir.is

Varamenn:

Lilly Valgerður Pétursdóttir, Stöð 2
Fríða Björnsdóttir
Erla Hlynsdóttir, Fréttatíminn

Dómnefnd Blaðamannaverðlauna:

Björn Vignir Sigurpálsson, formaður
Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir
Kári Jónasson
Arna Schram
Svanborg Sigmarsdóttir

Menningar- og orlofshúsasjóður:

Fríða Björnsdóttir, formaður
Lúðvík Geirsson
Hilmar Karlsson

Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson

Stjórn Styrktarsjóðs:

Arndís Þorgeirsdóttir
Hjálmar Jónsson
Lilly Valgerður Pétursdóttir

Varamenn:

Baldur Guðmundsson
Guðni Einarsson
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir

Siðanefnd BÍ:

Björn Vignir Sigurpálsson, form.
Hjörtur Gíslason blaðamaður, varaform.
Fríðrik Þór Guðmundsson,
blaðamaður og stundakennari við HÍ
Ásgeir Þór Árnason hrl., fulltrúi útgefenda
Róbert H. Haraldsson, fulltrúi Siðfræðistofnunar HÍ

Varamenn:

Jóhannes Tómasson, fyrrv. blaðamaður
Valgerður Jóhannsdóttir, fyrrv. fréttamaður
Sigríður Árnadóttir, fyrrum fréttastjóri



Blaðamenn og stjórnmál

Hugleiðingar í tilefni af lítilli tiltrú íslenskra stjórnmálamanna (og kjósenda?) á fagmennsku íslenskra blaðamanna



Eftir
Birgi Guðmundsson

Samskipti fjölmiðlafólks og stjórnmálamanna hafa síðustu misseri verið talsvert í umræðunni og ásakanir gegnið á víxl um óheilindi, stjórnlýndi og skort á fagmennsku. Umræða um hvort RÚV sé í sérstakri pólitískri skotlínu ríkisstjórnarflokkanna hefur meðal annars verið í brennidepli og sýnist sitt hverjum.

Sömuleiðis hafa verið haldnir fundir og ráðstefnur um ritstjórnarlegt sjálfstæði, ekki síst í ljósi breytinga bæði í eignarhaldi og yfirstjórn fjölmiðla þar sem stjórnmálaflokkar og pólitísk tengsl hafa verið í bakgrunni umræðunnar.

Gagnrýnin á RÚV

Á dögnum birti könnunarfyrirtækið MMR niðurstöðu úr spurningakönnun þar sem m.a. var spurt hvort fólk vildi selja Ríkisútvarpið. Spurningin um tilverurétt RÚV er vissulega ekki ný af nálinni, en í ljósi þess hvernig málatilbúnaður hefur verið síðustu misseri þá hefur umræðan að talsverðu leyti

snúist um það hvort RÚV sé að sinna hlutvergi sínu sem óhlutdrægur fjölmiðill sem ekki tekur sér stöðu í flokkspólitískum átakamálum. Helst hafa það verið talsmenn núverandi stjórnarflokka sem gagnrýnt hafa RÚV á þessum forsendum á meðan stjórnarandstaðan telur miðilinn vera að sinna skyldum sínum með óhlutdrægum hætti. Þannig hefur spurningin um tilverurétt ekki einvörðungu snúist um grundvallar hugmyndafræðileg atriði eins og hvort þörf sé á almannaútlarpi heldur líka um það hvort og hvernig miðilinn beitir sér í flokkspólitískri umræðu. Af hugmyndafræðilegum ástæðum er eðlilegt að gera ráð fyrir að kjósendur Sjálfstæðisflokks sé hlynntari einkavæðingu RÚV en kjósendur annarra flokka og að einhverju leyti gæti slíkt átt við um Framsóknarflokk, en í miklu minni mæli þó.

Stjórn – stjórnarandstaða

Hins vegar er sláandi hversu skýr skipting kemur fram í könnun MMR milli stuðningsfólks ríkisstjórnarinnar og stuðningsfólks annarra flokka. Rúmlega 45% stuðningsmanna stjórnarinnar eru tilbúnir til að selja RÚV á meðan rétt innan við 20% þeirra sem ekki styðja ríkisstjórnina eru tilbúnir til þess. Eins og vænta mátti þá eru sjálfstæðismenn ákafastir stuðningsmenn einkavæðingar (51%), þá framsóknarmenn (38%) og píratar (21%), en vel innan við 20% stuðningsfólks hvers hinna flokkanna eru tilbúnir í slíka sölu. Þó könnun MMR segi í raun ekkert um

það hvers vegna fólk vill að RÚV verði selt þá má gera ráð fyrir að í þessum tölum endurspeglist ákveðinn hugmyndafræðilegur munur milli fylgjenda stjórnmálaflokka. Hins vegar er jafnframt líklegt að hluti skýringarinnar tengist umræðunni um hvort RÚV sé í einhverri flokkspólitískri vegferð eða ekki. Í því samhengi vekur athygli að skiptingin sem þarna kemur fram hjá almenningi er ekki ósvipuð þeim viðhorfum sem mæld hafa verið hjá stjórnmálamönnum sjálfum gagnvart RÚV. Liðsmenn stjórnarflokka telja RÚV (og reyndar fleiri miðla) vera með vinstri slagsíðu en stjórnarandstöðuflokkarnir telja það vera almennt séð óhlutdrægt.

„Fyrirbærið fjandsamleg fjölmiðlun“

Þetta dregur athyglina jafnframt að þeirri spurningu hvort viðhorf stjórnmálamanna til fjölmiðla endurspeglir þegar allt kemur til alls almennt skoðanir kjósenda? Blaðamenn hafa jafnan gefið frekar lítið fyrir gagnrýni stjórnmálamanna á fjölmiðla á þeirri forsendu að stjórnmálamennirnir eigi sjálfir erfitt með að sjá fréttæfni sem tengist stjórnmálum í ópólitísku ljósi. Ýmsar rannsóknir víða um heim styðja raunar þetta sjónarmið blaðamanna, og þannig má t.d. nefna að ýmsar rannsóknir sýna að fólk sem er mjög pólitískt eða er pólitíkusar sjálft hefur tilhneigingu til að finna stjórnmálum fjandsamlega sínu sjónarmiði, en draga taum pólitískra andstæðinga. Sama umfjöllun getur því fengið þann


dóm að vera hlutdræg í ólíkar áttir eftir því hvar sú mannsekja sem spurð er stendur í pólitík. Þessi tilhneiging hefur meira að segja fengið sérstakt nafn, sem er „fyrirbærið um fjandsamlega fjölmiðlun“ (e: hostile media phenomenon).

Háðir stjórnmálaflokkum?


Hins vegar verður varla framhjá því litið að á Íslandi er vantrú stjórnmála á faglegri fjölmiðlun mikil og heldur meiri á landsvísi en í sveitarstjórnunum. Í könnun sem sá sem þetta ritar gerði meðal frambjóðenda í þingkosningunum 2013 og sveitarstjórnakosningunum 2014 kemur þetta nokkuð skýrt fram. Eins og fram kemur á **Mynd 1** þá telja um það bil átta af hverjum tíu stjórnmálamönnum sem voru í framboði fyrir síðustu þingkosningar íslenska fjölmiðla almennt mjög eða frekar háða stjórnmálaflokkum og rúmlega sex af hverjum tíu þeirra sem voru í framboði á sveitarstjórnastiginu vorið 2014.

Ef fleiri mælikvarðar eru skoðaðar um hvernig þessi staða er að mati stjórnmálamannanna, þá koma svipadír hlutir í ljós. Þannig gefa stjórnmálamenn í þessari könnun miðlunum sjaldnast einkunnir sem benda til hlutleysis þeirra. Eins og **Mynd 2** ber með sér þá fá flestir miðlar einkunnir sem eru um eða yfir miðju á skala frá 1-5, þar sem einn er algert hlutleysi og fimm mjög mikil hlutdrægni.

Greinilegt er að miðlarnir eru taldir misjafnlega hlutdrægir en almennt gildir að hvorki á sveitarstjórnastiginu né á landsvísi gefa stjórnmálamenn miðli lægri einkunn en rétt um miðjan



Mynd 1. Myndin sýnir svör frambjóðenda við spurningunni um það hvort þeir telji að íslenskir fjölmiðlar séu háðir stjórnmálaflokkum.



Mynd 2. Hér má sjá einkunnir sem stjórnmálamenn gefa einstökum miðlum á skala frá 1-5 þar sem 1 = algert hlutleysi og 5 = mjög mikil hlutdrægni.

skalann og dreifing einkunna safnast öll saman á efri hluta hans (hlutdrægir).


Blokkskipting í afstöðu

Í ljósi þess sem fjallað var um í upphafi varðandi MMR könnunina um

pólitíska skiptingu þeirra sem vilja selja RÚV er fróðlegt að skoða töflu yfir það hvernig stjórnmálamenn telja að miðlarnir dreifast í pólitískri hlutdrægni á hægri/vinstri skala. Þetta er sett fram í **Töflu 1**, sem vissulega er nokkuð flókin en forvitnileg.

	Styður vinstri eða vinstri miðju		Styður hægri eða hægri miðju		Styður miðjustefnu		Styður enga umfram aðra	
	2013	2014	2013	2014	2013	2014	2013	2014
Fréttablaðið	33	35	36	28	23	20	8	16
Morgunblaðið	1	0	95	100	1	0	3	1
DV	31	48	7	6	19	14	31	33
Viðskiptablaðið	1	1	83	71	6	7	11	22
Fréttastofa RÚV	18	27	29	15	13	11	21	48
Stöð 2/Bylgjan	15	17	46	40	20	19	14	24

Tafla 1. Hlutfall þeirra frambjóðenda í sveitarstjórnakosningunum 2014 og alþingiskosningunum 2013 sem flokkuðu viðkomandi fjölmiðla á hægri – vinstri ás. (Kosningar 2013, N=160; Kosningar 2014, N=124)



Mynd 3. Fagleg sjónarmið ráða fréttamati (hlutfall). Hér má sjá samanburð á afstöðu frambjóðenda í alþingiskosningunum 2013 og sveitarstjórnakosningunum 2014 til þess hvort fagleg sjónarmið ráði fréttamati í stjórnámum hjá landsdekkandi fréttastofum.

Þegar rýnt er í þessa töflu og svörin sem hún byggir á, kemur fram svip að myndur í þingkosningunum 2013 og sveitarstjórnakosningunum 2014. Þetta myndur er þannig að vinstri flokkarnir, Samfylking og Vg, höfðu tilhneigingu til að telja Stöð 2, Morgunblaðið og Viðskiptablaðið frekar til hægri en DV og RÚV hlutlaust. Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur höfðu heldur tilhneigingu til að telja Morgunblaðið, Viðskiptablaðið og Stöð 2/Bylgjana hlutlaus en RÚV og DV vinstriannaðar fréttastofur. Þó ber að undirstrika að þessar línur ekki eins skýrar eða afgerandi á sveitarstjórnastiginu og þær voru fyrir þingkosningarnar.

Fagleg sjónarmið?

Loks til að enda umfjöllunina um mælingar á skoðunum stjórnálmanna á fjölmiðlum og blaðamönnum þá var í þessum könnunum spurt um afstöðu frambjóðenda til fullyrðingar um hvort fagleg sjónarmið ráði fréttamati landsdekkandi miðla í umfjöllun þeirra um stjórnám. Niðurstöðuna má sjá á **Mynd 3**. Þar kemur fram að stjórnálmenn í þingkosningunum höfðu miklar efasemdir um faglegt fréttamat blaðamanna og sama má í raun segja um sveitarstjórnálmenn þó þeirra efasemdir séu heldur minni.

Það er ástæða til að staldra við þegar aðeins 8% frambjóðenda á

landsvísu (stjórnálmanna) er þeirrar skoðunar að faglegar forsendur liggja að baki fréttamati blaðamanna á Íslandi. Að vísu telur næstum því fjórðungur frambjóðenda á sveitarstjórnastiginu að fagmennska sé höfð í fyrirrúmi en hvort það er mikið eða lítið verða menn hver að dæma um fyrir sig þó sennilega þyki flestum það frekar lítið!

Umtalsverð tortryggni

Hafi einhver velkst í vafa um að vantraust og tortryggni milli blaðamanna sem stéttar og stjórnálmanna sé til staðar, ætti ofangreind yfirferð að sýna að ástandið er að ýmsu leyti sérkennilegt. Þannig virðast þessi samskipti vera með nokkuð öðrum formerkjum hér á landi en á hinum Norðurlöndunum þar sem vissulega eru í gangi átök milli stjórnálmáfólks og blaðamanna, en þau átök eru þá yfirleitt ekki afgreidd sem pólitísk og efasemdir um fagleg vinnubrögð ekki eins áberandi. Það er því í raun full ástæða til að velta upp spurningum um hugsanlegar skýringar á þessari stöðu. Hér verða nefnd nokkur atriði sem ætla má að geti skipt máli í því samhengi og þess freistað að skauta framhjá þeirri algengu (og í raun nokkuð hrokafullu) mótþáru að stjórnálmálmenn hafi einfaldlega ekki vit á blaðamennsku.

Flokksmiðlun nálæg í tíma

Í fyrsta lagi má nefna að flokksfjölmiðlun hörfaði nokkuð síðar á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum og í raun má segja að það sé ekki fyrr en á tíunda áratug síðustu aldar, og jafnvel um aldamótin sem flokksfjölmiðlun vikur endanlega fyrir markaðsmiðlun. Leifar flokksblaðanna, sem höfðu um margra ára skeið verið að öðlast aukid sjálfstæði frá flokkunum sem að baki þeim stóðu, komu saman í Degi sem var í eigu viðskiptamanna í fyrirtækinu Frjáls fjölmiðlun. Fyrirtækið rak blaðið á viðskiptalegum forsendum og leit á félagshyggjufólk og hinn gamla kaupendahóp flokksblaðanna sem hvern annan kaupendamarkhóp fyrir fjölmiðlaframleiðslu fyrirtækisins. Þessir atburðir eru nálægir í tíma og hugmyndir almennings og stjórnálmanna um flokkstengingu hafa lifað áfram í íslensku stjórnálmálmenningu. Þetta hefur svo styrkst enn frekar með ráðningu áberandi pólitískra ritstjóra inn á mikilvæga miðla. Vofur flokksblaðamennskunnar hafa því sviðið yfir vötnum markaðsmiðlunar síðustu tveggja áratuga.

Samþjöppun eignarhalds

Í öðru lagi er eðlilegt að horfa til samþjöppunar eignarhalds á fjölmiðlum á Íslandi. Eins og fram kemur m.a. í greinargerðinni sem fylgdi fjölmiðlafrumvarpinu og í skýrslum nefnda menntamálaráðuneytisins um íslenska fjölmiðla, þá er samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlum mikil á Íslandi og meiri en víðast hvar í nágrannalöndunum. Efnahagsleg og rekstrarleg nauðsyn hefur þrýst á um stækkun fjölmiðlaeininga og um leið samþjöppun. Þannig hafa skapast 3 eða kannski 4 blokkir fjölmiðlafyrirtækja (eftir því til hvaða þátta er horft) sem verið hafa allsráðandi á markaðnum. Eigendur og/eða stjórnendur þessara blokka hafa síðan haft ákveðnar pólitískar tengingar sem iðulega hafa komið upp á yfirborðið og orðið hluti af opnum pólitískum átökum. Það hefur orðið til þess að fyrirtækjablokkir, sem í sjálfu sér eru viðskiptalegar skipulagsheildir, hafa fengið á sig flokkspólitíska kápu.

Lítið regluverk um fjölmiðla

Í þriðja lagi, og raunar skylt því sem sagt var hér næst á undan, þá hefur verið lítil regluvæðing eða opinber stefna gagnvart fjölmiðlum. Deilur um fjölmiðlalög og um takmarkanir á samþjöppun og eignarhaldi hafa orðið til þess að lengst af hafa engar hömlur verið reistar á þessu sviði og samþjöppunin orðið svo mikil sem raun ber vitni. En afskiptaleysi opinberra aðila hefur líka birst í því að þeir hafa talið markaðinn einan eiga að sjá um fjölbræði og fjölbreytni í fjölmiðlum, sjálft upplýsingakerfi lýðræðisins. Þannig hafa styrkir eins og þekkjast víða í nágrannalöndum til fjölmiðlastarfsemi ekki átt upp á pallborðið og því líklega dregið úr fjölbreytni þess ritstjórnarfnis sem í boði er bæði á landsvísu og á svæðisbundnum miðlum og skert sjálfstæði ritstjórnarlegra sjónarmiða gagnvart markaðslegum sjónarmiðum.

Horfa í eigin barm

Í fjórða og síðasta lagi er ástæða til að velta fyrir sér hver hlutur blaðamanna sjálfra er í þessu ástandi. Hér verða ekki settar fram miklar tilgátur um hvort og þá hvað það sé hjá blaðamönnum sem gæti skýrt þá miklu vantrú sem stjórnámálemenn og að einhverju leyti almenningur hefur á þeim sem fagstétt. Þó verður því haldið fram, að það muni ekki skila blaðamannastéttinni fram á veginn að afgreiða þetta vantraust einfaldlega og eingöngu sem vænisýki stjórnámálanna og stjórnálaáhugafólks sem einungis skoði heiminn gegnum sín eigin flokkspólitísku gleraugu. Vissulega er það einhver hluti skýringarinnar og hefur áhrif eins og „fyrirbærið um fjandsamlega fjölmiðlun“ er

til marks um. Hins vegar er vantraustið það mikið og viðtækt að menn hljóta að spyrja sig hvort það sé eitt-hvað í starfsháttum og menningu íslenskra blaðamanna sjálfra, fagmennsku þeirra, sem stuðli að eða viðhaldi þeirri ímynd stjórnámálanna (og almennings) að þeir vinni ekki á faglegum forsendum. Slík sjálfskoðun og umræða meðal blaðamanna sjálfra – fagleg umræða – gæti hugsanlega varpað ljósi á nýja fleti og snögga bletti sem til þessa hafa þótt sjálfsgöð og eðlileg vinnubrögð.

Dæmi um umræðuefni

Dæmi um slíkar spurningar gæti verið hvort eðlilegt sé, eins og gert er á Íslandi, að skilgreina jafnvægi í fréttalutningi þar sem ólík sjónarmið takast á þannig að fréttalutninginn þurfi að skoða yfir ákveðinn tíma, jafnvel nokkra daga, en ekki í sömu frétt eða sama fréttatíma (blaði). Augljóslega er illmögulegt að fá alltaf marga fleti máls fram í sömu frétt og viðmiðunarreglur um jafnvægi hafa tekið mið af því. Þegar þessi viðmið eru hins vegar borin saman við fréttalutning í nágrannalöndum þá virðast fjölmiðlar þar gera mun meira af því að tefla fram ólíkum sjónarmiðum samtímis. Í uppbrotinu fjölmiðlaumhverfi þar sem fjölmargar gáttir keppa um athygli fjölmiðlanotenda, eru miklar líkur á að sá sem heyrir fréttir með einni eða annarri hlið máls heyrir ekki framhaldsfréttir þar sem önnur sjónarmið eru dregin fram. Fyrir vikið virkar fréttalutningurinn sem hálfkláraður og eins konar „karanablaðamennska“. Hugsanlega skiptir þetta máli.

Aðrar spurningar sem vert væri að ræða snúa t.d. að vinnubrögðum í

netfréttamennsku og notkun samfélagsmiðla sem heimilda, samskiptaleiða milli lesenda og blaðamanna sem eru að skrifa, og dreifileiða fréttu. Loks mætti nefna umræðuna um blaðamenn á ólíkum miðlum, sem jafnan eru settir í einhverja flokka og eyrnamarkaðir eins og lömb eigendum viðkomandi fjölmiðlils og þeirri heimssyn sem þeir standa fyrir. Þetta gera stjórnámálemenn mjög gjarnan. En blaðamenn gera þetta stundum líka sjálfir án þess að raunverulegt tilfni sé til, þegar þeir tala um kollega sína og keppinauta á öðrum miðlum sem þæga þjóna eigenda eða fórnarlömb og nytsama sakleysingja sem geri það sem eigendur þeirra segja. Stundum virka slíkar yfirlýsingar raunar meira sem auglýsing fyrir markaðslega hagsmuni eigin miðla en málefnaleg umræða um blaðamennsku eða frammistöðu kollega. Hugsanlega skiptir bæði sjálfsmýnd og ímynd stéttarinnar máli líka.

Umræða mikilvæg í sjálfu sér

Tiltrú stjórnámálanna á fagmennsku íslenskra blaðamanna er augljóslega ekki mikil og traust til fjölmiðla hefur því miður ekki verið mikið í mælingum. Að sjálfsgöðu er það ekkert stórt markmið í sjálfu sér að blaðamenn öðlist traust eða hylli stjórnámálanna. Eiginlega alls ekki, en það er verðugt viðfangsefni fyrir blaðamenn, bæði á vettvangi BÍ og inni á ritstjórn um að spyrja sig að því hverju það sæti að tiltrú á fagmennsku sé svo lítil. Svörin liggja eflaust ekki á lausu, en umræðan ein og sér getur þó skilað miklu jafnvel þótt engin áþreifanleg niðurstaða fáiast.





Framhaldsnám í fjölmiðla- og boðskiptafræðum boðið í samstarfi tveggja háskóla

Nýtt meistara- og diplómanám í fjölmiðla- og boðskiptafræðum hefst í haust í samstarfi Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Meistaránámið er 120 eininga tveggja ára fullt nám, en diplómanámið er 30 eininga nám sem ætti að vera hægt að stunda með vinnu. Diplómanámið gæti því verið áhugaverður valkostur fyrir starfandi blaðamenn sem vilja sækja sér viðbótarmenntun. Meginmarkmið námsins er sagt vera að auka skilning á flóknu, fjölbreyttu og síbreytilegu fjölmiðlaumhverfi, þar sem stafræn tækni, netið og samfélagsmiðlar skipa sífellt stærri sess í lífi flestra.

Í skýrslu starfshóps sem undirbjó námið stendur m.a.: „Mikilvægi fjölmiðla í nútímasamfélögum fer sívaxandi. Í samræmi við það vex þörfin og áhuginn á fræðslu og rannsóknum á fjölmiðlum. Alþjóðlegt rannsóknastarf á þessu

sviði hefur vaxið mjög, en á Íslandi er brýnt að styrkja rannsóknir á stöðu og áhrifum fjölmiðla. Námið mun auka val nemenda og efla rannsóknir og rannsóknasamstarf deildanna og skólanna, langt umfram það sem þeir gætu hvor í sínu lagi.“

Öll skyldunámskeiðin eru boðin í fjarnámi, sem og aðferðafræðinámskeiðin fyrir þá sem skrá sig við HA en í HÍ eru þau námskeið tekin í staðnámi. Hægt er að ljúka diplómanáminu alfarið í fjarnámi.

Nemendur beggja skóla sækja sameiginleg fræðileg námskeið, alls 40 ECTS sem boðin verða bæði í fjarnámi og staðnámi. Mikil áhersla er í náminu á þjálfun í rannsókn-um og sækja nemendur aðferðafræðinámskeið alls 30 ECTS hver í sínum skóla. Valnámskeið, 24 ECTS og lokaritgerð 30 ECTS eru einnig tekin í heimaskóla.

Umsóknarfrestur í meistaranáminu er til 15. apríl í Háskóla Íslands og til 5. júní í diplómanáminu. Í Háskólanum á Akureyri er frestur til að skila umsókn-um í bæði meistaránámi og diplómanámi til 5. júní.

Að náminu standa Stjórn málafræði- og Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands og Félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri. Í námsnefnd meistaránámsins sitja þau Birgir Guðmundsson, dósent við Háskólann á Akureyri, Ólafur Þ. Harðarson, prófessor við Háskóla Íslands, Ragnar Karlsson, aðjúntk við HÍ og Valgerður A. Jóhannsdóttir, aðjúntk við HÍ.



Nýja námið er boðið bæði sem 30 eininga diplómanám sem hægt er að taka með vinnu og sem fullt 120 eininga meistaránám.

Orlofshús

Blaðamannafélags Íslands



Sumarhús í Brekku, á Akureyri og í Stykkishólmi

Umsóknarfrestur um sumarhús BÍ skulu hafa borist skrifstofu félagsins í síðasta lagi

föstudaginn 17. apríl. Sækja skal um á orlofsvef Blaðamannafélagsins

(press.is/hnappur „sumar 2015“) og einnig má senda póst á orlofshus@press.is.

Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu BÍ www.press.is

Nánari upplýsingar á skrifstofu BÍ, Síðumúla 23, sími 553 9155.

Alltaf hagstæð leiga

Vikugjald fyrir fullgilda félagi á BÍ verður kr. 15.000 í Litlu-Brekku og kr. 20.000 fyrir Stóru-Brekku og á Akureyri og kr. 28.000 fyrir Stykkishólmi. Gjaldið greiðist við staðfestingu úthlutunar.
(Heimilt er að greiða með Visa/Euro.)

Stóra-Brekka

Skipti fara fram á föstudögum kl. 17.

1. vika: 29. maí – 5. júní
2. vika: 5. júní – 12. júní
3. vika: 12. júní – 19. júní
4. vika: 19. júní – 26. júní
5. vika: 26. júní – 3. júlí
6. vika: 3. júlí – 10. júlí
7. vika: 10. júlí – 17. júlí
8. vika: 17. júlí – 24. júlí
9. vika: 24. júlí – 31. júlí
10. vika: 31. júlí – 7. ágúst
11. vika: 7. ágúst – 14. ágúst
12. vika: 14. ágúst – 21. ágúst
13. vika: 21. ágúst – 28. ágúst
14. vika: 28. ágúst – 4. sept.

Nafn: _____

1. vika _____ 2. vika _____
3. vika _____ 4. vika _____

Litla-Brekka

Skipti fara fram á föstudögum kl. 17.

1. vika: 29. maí – 5. júní
2. vika: 5. júní – 12. júní
3. vika: 12. júní – 19. júní
4. vika: 19. júní – 26. júní
5. vika: 26. júní – 3. júlí
6. vika: 3. júlí – 10. júlí
7. vika: 10. júlí – 17. júlí
8. vika: 17. júlí – 24. júlí
9. vika: 24. júlí – 31. júlí
10. vika: 31. júlí – 7. ágúst
11. vika: 7. ágúst – 14. ágúst
12. vika: 14. ágúst – 21. ágúst
13. vika: 21. ágúst – 28. ágúst
14. vika: 28. ágúst – 4. sept.

Nafn: _____

1. vika _____ 2. vika _____
3. vika _____ 4. vika _____

Akureyri

Skipti fara fram á föstudögum kl. 17.

1. vika: 29. maí – 5. júní
2. vika: 5. júní – 12. júní
3. vika: 12. júní – 19. júní
4. vika: 19. júní – 26. júní
5. vika: 26. júní – 3. júlí
6. vika: 3. júlí – 10. júlí
7. vika: 10. júlí – 17. júlí
8. vika: 17. júlí – 24. júlí
9. vika: 24. júlí – 31. júlí
10. vika: 31. júlí – 7. ágúst
11. vika: 7. ágúst – 14. ágúst
12. vika: 14. ágúst – 21. ágúst
13. vika: 21. ágúst – 28. ágúst
14. vika: 28. ágúst – 4. sept.

Nafn: _____

1. vika _____ 2. vika _____
3. vika _____ 4. vika _____

Stykkishólmur

Skipti fara fram á föstudögum kl. 17.

1. vika: 29. maí – 5. júní
2. vika: 5. júní – 12. júní
3. vika: 12. júní – 19. júní
4. vika: 19. júní – 26. júní
5. vika: 26. júní – 3. júlí
6. vika: 3. júlí – 10. júlí
7. vika: 10. júlí – 17. júlí
8. vika: 17. júlí – 24. júlí
9. vika: 24. júlí – 31. júlí
10. vika: 31. júlí – 7. ágúst
11. vika: 7. ágúst – 14. ágúst
12. vika: 14. ágúst – 21. ágúst
13. vika: 21. ágúst – 28. ágúst
14. vika: 28. ágúst – 4. sept.

Nafn: _____

1. vika _____ 2. vika _____
3. vika _____ 4. vika _____

Nefnið fleiri en eina viku til þess að auðvelda úthlutun!



Tilnefningar dómnefndar

Dómnefnd Blaðamannaverðlauna BÍ tilkynnti um tilnefningar sínar til Blaðamannaverðlauna fyrir árið 2014 viku áður en sjálf verðlaunaafhendingin fór fram þann 28. febrúar 2015. Eins og áður eru tilnefningarnar í fjórum flokkum, og þrjár tilnefningar í hverjum flokki. Tilnefningar dómnefndar eru eftirfarandi:

Viðtal ársins

Indíana Hreinsdóttir, DV. Viðtal við Stefán Hilmarsson. Viðtalið er gott dæmi um hvernig hægt er að skrifa áhugavert viðtal sem sýnir þekktan einstakling í nýju og persónulegu ljósi og segja frá ævi hans og erfiðleikum á áreynslulausan hátt.

Júlía Margrét Alexandersdóttir, Morgunblaðinu. Viðtal við Þorstein J. Vilhjálmsson. Viðtalið er einlægt og afar persónulegt og nær Júlía að draga fram persónuna og sögu Þorsteins á afar næman hátt.

Ólóf Skaftadóttir, Fréttablaðinu. Viðtal við tvíburabræðurna Kára og Halldór Auðar- og Svanssyni. Viðtalið er einstaklega hispurlaust um baráttu þeirra bræðra við geðræna sjúkdóma. Þrátt fyrir erfitt umfjöllunarefni nær Ólóf að viðhalda léttleika í gegnum viðtalið en gefur samt ekkert eftir í raunsonnum lýsingum.

Umfjöllun ársins

Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, DV. Umfjöllun um Alzheimers og heilabilun. Með hreinskilnum og áhrifaríkum frásögnum fengu lesendur skýra sýn á það hvernig erfiður og algengur sjúkdómur snertir sjúklingana og fjölskyldur þeirra.

Ritstjórn mbl.is. Umfjöllun um stórbrunann í Skeifunni. Ritstjórn *mbl.is* nýtti sér alla helstu kosti netsins og færði lesendum skjótt, vel og með myndrænum hætti fréttir af brunu í Skeifunni frá ýmsum sjónarhornum og um leið og þær gerðust.

Sigurður Mikael Jónsson. DV. Umfjöllun um neytendamál. Með frumlegri nálgun og myndrænni framsetningu tókst honum að varpa ljósi á ólíkar hliðar daglegrar neyslu sem hefur mikil áhrif á kjör fólks og heilsu.

Blaðamannaverðlaun ársins

Jóhann Páll Jóhannsson og Jón Bjarki Magnússon, DV. Umfjöllun um lekamálið. Jóhann Páll og Jón Bjarki sýndu einstakt þolgæði við að upplýsa allar hliðar lekamálsins svokallaða og fylgdu málinu vel eftir, þrátt fyrir mikið mót-læti og andstöðu ráðherra sem endaði með afsögn hans.

Magnús Halldórsson, Ægir Þór Eysteinnsson og Þórður Snær Júlíusson, Kjarnanum. Umfjöllun um sölu Landsbankans á Borgun. Kjarnamenn drógu fram mikilsverðar upplýsingar um kaupin og hvernig kaupendur voru valdir á bak við luktur dyr og settu það fram á auðskiljanlegan hátt fyrir lesendur.

Viktoría Hermannsdóttir, Fréttablaðinu. Umfjöllun um innflytjendur og áhrifarík viðtöl. Fyrir að varpa ljósi á þær hindranir sem innflytjendur verða fyrir á Íslandi þegar þeir vilja öðlast réttindi til að starfa samkvæmt menntun sinni. Einnig birtust á árinu áhrifarík viðtöl Viktoríu við einstaklinga sem hafa þurft að takast á við erfiðleika.

Rannsóknarblaðamennska ársins

Garðar Örn Úlfarsson, Fréttablaðinu og **Þorbjörn Þórðarson** Stöð 2. Umfjöllun um flugslysið við Akureyri. Garðar Örn og Þorbjörn birtu myndband sem varpaði nýju ljósi á aðdraganda slyssins. Í kjölfarið fylgdu fréttir sem drógu fram í dagsljósið umgengni og viðhorf forsvarsmanna flugfélagsins til sjúkraflytninganna og hvernig yfirvöld hlupu undir bagga með flugfélaginu.

Helgi Seljan, Kastljósi. Umfjöllun um MS og uppruna vöru. Í umfjöllun sinni uppljóstraði Helgi hvernig MS, sem og önnur fyrirtæki, leyndu því fyrir almenningi þegar þau blanda erlendri vöru við íslenska. Einnig benti hann á að embættismaður í ráðuneyti landbúnaðar hefur setið beggja vegna borðsins í mörgum málum sem snerta samkeppni og landbúnað.

Hrund Þórsdóttir, Stöð 2. Umfjöllun um lyfjamistök. Hrund kafaði ofan í andlát eldri manns sem lést rúmri viku eftir að honum var gefinn rangur lyfjaskammtur á heilbrigðisstofnun. Hrund leitaði víða fanga í eftirfylgni með málinu, m.a. með fordæmalitlu viðtali við lækni mannsins sem undraðist afstöðu landlæknis en einnig með mjög skýrri almennri umfjöllun um lyfjamistök, viðbrögð við þeim og hvernig hægt er að takmarka slík mistök.

Verðlaunahafar og rök dómnefndar

Blaðamannaverðlaun Blaðamannafélagsins voru afhent í Gerðarsafni í Kópavogi 28. febrúar 2015. Verðlaunahafar voru þau Ólöf Skaftadóttir fyrir viðtal ársins, Helgi Seljan fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins, ritstjórn mbl.is fyrir umfjöllun ársins, og þeir Jón Bjarki Magnússon og Jóhann Páll Jóhannsson hlutu blaðamannaverðlaun ársins. Mynd ársins tók Sigtryggur Ari Jóhannsson. Hér á eftir má lesa rökstuðning dómnefndar fyrir verðlaunaveitingunum.

Viðtal ársins 2014

Verðlaunin hlýtur **Ólöf Skaftadóttir**, Fréttablaðinu fyrir áhrifaríkt viðtal við tvíburabræðurna Kára og Halldór Auðar- og Svanssyni. Í viðtalinu lýsa bræðurnir reynslu sinni af geðsjúkdómum af mikilli hreinskilni, annars vegar tólf ára baráttu Kára við að lifa við geðklofa og hins vegar geðrofi Halldórs í kjölfar kannabisneyslu. Með þessu viðtali nær Ólöf að draga fram mikilvægar raddir þeirra bræðra til að draga úr fordómum gagnvart geðsjúkdómum sem best næst fram með því að tala við þá sem sjálfir hafa lifað með sjúkdómnum. Fordómaleysi Ólafar og virðing gagnvart viðfangsefninu skín í gegn um textann og lýsir það sér ekki sist í léttleikanum sem einkennir viðtalið, en nær jafnframt að lýsa erfiðleikum við að hætta á geðlyfjum, að takast á við breytta aðstæður sem fylgja sjúkdómnum og breyttri lífssýn þeirra bræðra. Ekki er hvað sist óvenjulegt að lesa jafn hreinskilnið viðtal við stjórnálmann um persónuleg málefni og þetta viðtal er.

Rannsóknarblaðamennska ársins

Verðlaun fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins 2014 hlýtur **Helgi Seljan**. Í umfjöllun Helga Seljan um uppruna vöru og stöðu búvörumála í landinu sýndi hann fram á hvernig sérhagsmunir bænda, MS og innlendra kjötvinnslna eru varðir á kostnað neytenda. Hann gróf upp hvernig MS, sem og aðrir framleiðendur, blanda erlendri búvöru við þá íslensku og selja án upprunamerkinga – svo hún virðist íslensk.

Helgi lét ekki fregnir af írsku smjörinu sem blandað var innlendri vöru nægja, heldur gróf dýpra og lengra. Í ljós kom að írsku smjörið í vinsælum innlendum mjólkurvörum var ekki einsdæmi.

Helgi rannsakaði málið frá mörgum hliðum og dró fram í dagsljósið að embættismaður landbúnaðarmála hefði setið beggja vegna borðs og tæki ákvarðanir sem túlka meg í hag fyrrum vinnuveitenda og þessara sérhagsmuna.

Umfjöllun Helga sýnir þá veiku stöðu sem neytendur eru í þegar kemur að uppruna vöru, landbúnaðarvörum almennt og eftirliti með innlendum framleiðendum.

Besta umfjöllun ársins 2014

Verðlaun fyrir bestu umfjöllun ársins hlýtur **ritstjórn mbl.is**. Netíð, snjallsímar og samskiptamiðlar hafa breytt fréttamiðlun. Kröfurnar eru að fólk fái fréttirnar eins fljótt og kostur er, helst um leið og þær gerast en án þess þó að það komi niður á gæðum.

Þegar stórbruni varð í Skeifunni síðasta sumar sýndi ritstjórn mbl.is vel hvernig nýta má alla helstu kosti netsins og tækninnar til að færa lesendum skýra mynd af því sem var að gerast með hnitmiðuðum texta, myndum og myndskreiðum frá dróna úr lofti.

Fréttaflutningurinn byrjaði fljótlega eftir að fyrst varð vart við brunann og stóð yfir þar til yfir lauk. Greint var frá brunanum og áhrifum hans frá fjölmörgum sjónarhornum og með góðu samspili blaðamanna og ljósmyndara sem auk þess notuðust við myndir af vettvangi frá almenningi.

Niðurstaðan var heildstæð og ítarleg umfjöllun sem minnti rækilega á hvað netíð er öflugur fréttamiðill.

Blaðamannaverðlaun ársins 2014

Blaðamannaverðlaun ársins 2014 hljóta **Jóhann Páll Jóhannsson og Jón Bjarki Magnússon**.

Einurð þeirra í lekamálinu svokallaða varð til þess að það skaut ekki aðeins upp kollinum um stundarsakir. Þeir fylgdu málinu vel eftir, komu stöðugt fram með nýjar hliðar þess og héldu fréttaflutningnum gangandi af festu.

Umfjöllunin smitaðist yfir í aðra fjölmiðla og umboðsmaður Alþingis tók einn anga málsins upp að eigin frumkvæði. Ráðuneytisskipan landsins var breytt, aðstoðarmaður ráðherra játaði á sig lekann og að lokum varð innanríkisráðherra, Hanna Birna Kristjánsdóttir, að segja af sér ráðherradómi. Enn teygir lekamálið anga sína út í samfélagið með ýmsum hætti.

Þrátt fyrir harða gagnrýni og ótal tilraunir til þöggunar stöðu blaðamennirnir í ístaðinu. Þolgæði þeirra varð til þess að ljósi var varpað á það sem raunverulega gerðist á bak við tjöldin. Það minnir á mikilvægi gagnrýnnar blaðamennsku og að trúnaður blaðamanna sé fyrst og síðast við almenning í landinu og engan annan.

Blásið á bölmóðinn

Ávarp Björns Vignis Sigurpálssonar, formanns dómnefndar, við afhendingu Blaðamannaverðlauna

Ágæta samkoma. Gleðilega hátíð og velkomin til afhendingar blaðamannaverðlauna Blaðamannafélags Íslands í 12. sinn.

Enn og aftur njótum við velvildar félaga okkar í Blaðaljósmyndarafélags Íslands til að skapa okkur vettvang svo að við megum heiðra það sem best hefur verið gert á liðnu ári á vegum

stéttarinnar á þessari árlegu og glæsilegu sýningu félaga okkar í Blaðaljósmyndarafélaginu hér í Gerðarsafni.

Ég heiti Björn Vignir Sigurpálsson og er formaður dómnefndar Blaðamannaverðlauna BÍ. Félagar mínir verða kynntir þegar þeir koma hér á pall til að kynna verðlaunahafa og rökstuðning fyrir vali þeirra.

En áður en að því kemur langar mig til að mæla hér örfá aðfararorð:

Það hefur mikið verið rætt um bága stöðu íslenskra fjölmiðla á undanförunum mánuðum, fundir og málþing verið haldin um veikburða ritstjórnarlegt sjálfstæði sumra fjölmiðla, um óheppilega eigendur sumra þeirra, um þröngan fjárhag fjölmiðlanna og



Björn Vignir Sigurpálsson, formaður verðlaunanefndar flytur ávarp við afhendingu verðlaunanna.

Þverrandi mátt og jafnvel vilja til að halda úti kröftugri og ágengri blaða- og fréttamennsku, eins og á að vera lýðræðislegur hornsteinn fjölmiðla almennt. Að vera fjórða valdið og veita hinum þremur stöðum hins lýðræðislega þjóðskipulags okkar ríkulegt aðhald.

Stétt blaða- og fréttamanna hefur hins vegar svarað öllum þessum bölmóði í okkar ranni með þeim eina hætti sem hæfir – drekkt dómnefndinni í tillögum að tilnefningum af öllum mögulegum og ómögulegum toga. Mér taldist til þegar ég stóð hér fyrir ári að við hefðum þá fengið tillögur um á sjöunda tug tilnefninga. Núna telst mér til að þær séu rétt um eitt hundrað – um þriðjungs aukning ef

mér bregst ekki reiknigáfan. Tillögurnar eru ótrúlega fjölbreytt flóra. Þetta eru í bland hefðbundar fréttir, fréttaskýringar, viðtöl í hefðbundinni blaðaframsetningu í ljósrítum, en þetta eru líka hljóðskrár og myndskrár, jafnvel heilu raðir fréttapátta. Frekar en endranær er þannig enginn skortur á atorku og metnaði í röðum íslenskra blaða- og fréttamanna. Og dómnefndin kvartar ekki því að þótt verkefnið að yfirfara allt þetta efni sé krefjandi og taki tímann sinn er það á sama tíma ótrúlega fróðlegt, skemmtilegt og gefandi.

Ég vil minna á að yfirlýstur tilgangur Blaðamannaverðlaunanna er að efla fagleg vinnubrögð í blaðamennsku. Til þess er greinilega ríkur vilji miðað við

þann mikla áhuga sem fjöldi tillagna að tilnefningum ber vott um. Hins vegar skal áréttáð að enginn verðlaunaflokkanna fjögurra, blaðamannaverðlaun ársins, viðtölin, rannsóknarblaðamennskan eða umfjöllun ársins, standa framar öðrum í huga dómnefndar. Fullkomið jafnræði á að vera milli flokka og það eitt að vera tilnefndur í einhvern þeirra er sannur heiður og til marks um góð og öguð vinnubrögð.

Í lokin er svo rétt að geta þess að eins og endranær huguðu nefndarmenn vandlega að hæfi sínu eða vanhæfi hvenær sem tilefni þótti til og sögðu sig frá umfjöllun um einstakar tillögur að tilnefningum þegar þannig stóð á.



Verðlaunahafar Blaðamannaverðlauna og Myndar ársins.



Verðlaunamyndirnar 2014



Dómnefndir:

Einar Ólason, Brynjar Gauti Sveinsson og Jóhanna Guðrún Árnadóttir skipuðu dómnefndina sem fór í gegnum fréttamyndirnar, íþróttamyndirnar og myndraðirnar.

Gunnar Sverrisson, Baldur Kristjánsson og Hallgerður Hallgrímsdóttir sátu í dómnefndinni sem fór í gegnum tímaritamyndirnar, portrettin, daglegt líf og umhverfi.

Sameiginlega völdu dómnefndirnar svo verðlaunamyndirnar og hafði formaður dómnefndar, Sören Pagter, yfirkennari ljósmyndadeildar danska blaðamannaskólans, þar atkvæðarétt. Hann var þar að auki dómnefndum innan handar við störfin.



Ljósmyndari:

Sigtryggur Ari Jóhannsson

Mynd ársins



Umsögn dómnefndar:

Þessi mynd getur ekki annað en hreyft við áhorfandanum. Viðfangsefnið ber traust til ljósmyndarans svo úr verður persónuleg túlkun á aðstæðum. Maðurinn er veikbyggður og viðkvæmur en augnaráð hans er grípandi og sterkt. Tótleikinn í kringum hann sýnir þann fábrotna raunveruleika og mikla óryggi sem hælisleitendur á Íslandi búa við.

Myndin minnir okkur á þær áskoranir sem hælisleitendur mæta í þeim löndum sem þeir leita til og hefur myndefnið því einnig skírskotun til alþjóðlegs vandamáls.



Íþróttamynd ársins



Ljósmyndari:
Vilhelm Gunnarsson



Umsögn dómnefndar:

Myndin sýnir samfélagið í kring um íþróttina, samstöðu og sanna gleðistund; það sem íþróttir snúast um í grunninn. Það sem enn fremur gerir myndina heillandi er hve lengi er hægt að virða hana fyrir sér og ávallt sjá nýjan svip, nýtt atriði, nýjan vinkel.

Daglegt líf




Ljósmyndari:
Ómar Óskarsson



Umsögn dómnefndar:

Mótsagnirnar í myndinni og ómöguleiki en jafnframt hversdagsleiki verkefnisins gera hana kómíska. Myndbyggingin er sterk og fullkomin en mannveran á myndinni er það eina sem truflar fullkomleikann.

Tímaritamynd ársins



Ljósmyndari:
Gígja D. Einarsdóttir



Umsögn dómnefndar:

Uppbygging og áferð myndarinnar gefur hestinum sterkan persónuleika svo úr verður portrett af hesti. Áhorfandinn fær það sterkt á tilfinninguna að hann geti snert hestinn og jafnvel þekkt hann.

Portrettmynd ársins




Ljósmyndari:
Rut Sigurðardóttir



Umsögn dómnefndar:

Áhorfandinn fær það á tilfinninguna að ljósmyndaranum hafi virkilega tekist að fanga persónuleika viðfangsefnisins. Augnablikið virðist raunverulegt og viðfangsefnið í sínum eigin heimi en ekki í tilbúnum og uppstilltum heimi sviðsetningarinnar.



Umhverfismynd ársins



Ljósmyndari:
Heiða Helgadóttir



Umsögn dómnefndar:

Þessi dulúðuga og forvitnilega fjallasýn sýnir okkur eðli náttúrunnar en ekki einungis útlit hennar. Tæknin hæfir efniviðnum og ýtir undir áhrif útkomunnar.

Fréttamynd ársins



Ljósmyndari:
Sigtryggur Ari
Jóhannesson



Umsögn dómnefndar:

Þessi mynd getur ekki annað en hreyft við áhorfandanum. Viðfangsefnið ber traust til ljósmyndarans svo úr verður persónuleg túlkun á aðstæðum. Maðurinn er veikbyggður og viðkvæmur en augnaráð hans er grípandi og sterkt. Tólmleikinn í kringum hann sýnir þann fábrotna raunveruleika og mikla óöryggi sem hælisleitendur á Íslandi búa við.

Myndin minnr okkur á þær áskoranir sem hælisleitendur mæta í þeim löndum sem þeir leita til og hefur myndefnið því einnig skírskotun til alþjóðlegs vandamáls.

Myndröð ársins



Ljósmyndari:
Heiða Helgadóttir



Umsögn dómnefndar:

Hér skapar ljósmyndarinn sína eigin sögu í kring um tískubransann og kemur til skila persónulegri sýn og túlkun á því sem gerist bak við tjöld tískusýninga. Ljósmyndarinn notar ljósið á staðnum einstaklega vel svo úr verður draumur um tísku. Fagurfræðin er sterk og hrífandi og sumar myndirnar sannir gullmolar.



Aðalfundur BÍ 2015

**miðvikudaginn 22. apríl
kl. 20:00 í Síðumúla 23**

Aðalfundur Blaðamannafélags Íslands árið 2014 verður haldinn miðvikudaginn 22. apríl nk. að Síðumúla 23, 3. hæð, þar sem félagið er til húsa, og hefst fundurinn stundvíslega kl. 20:00.

Dagskrá fundarins

Venjuleg aðalfundarstörf
Skýrslur frá starfsnefndum
Kosningar*
Lagabreytingar
Önnur mál

*Framboð til formanns BÍ þarf að berast skrifstofu BÍ ekki síðar en tveimur vikum fyrir boðaðan aðalfund.

**BÍ-félagar eru hvattir
til að mæta**



Hugsað upphátt meðan beðið er heimflugs

Skilaboð til íslenskra blaðaljósmyndara frá formanni dómnefndar í ljósmyndasamkeppni BLÍ, Myndir ársins 2014



Sören Pagter er einn helsti sérfræðingur í blaðaljósmyndun á Norðurlöndum og fer fyrir blaðljósmyndunardeild Fjölmíðla- og blaðamannaháskóla Danmerkur. Hann hefur skrifað greinar og bækur um blaðaljósmyndun og sér um fjölmörg námskeið fyrir blaðaljósmyndara.

Alla liðna helgi hef ég notið þess að vera yfirdómari í ljósmyndakeppninni Myndir ársins á Íslandi. Það var mér sérstök ánægja því mér gafst tækifæri

til að skoða verk frá öðru landi og ræða myndir við kollega mína.

Einungis með því að setja orðin við myndirnar tekst okkur að bæta myndirnar sem við erum að búa til. Á þessum tveimur dögum, sem ég nýtti til að skoða og velja úr um 900 myndum, víkkaði sjóndeildarhringur minn og ég held að við höfum valið út mjög áhuga-verðar og á köflum ögrandi myndir.

Þar sem heimflugi mínu var frestað hefur óvænt skapast svigrúm til að íhuga og ígrunda upplifun mína síðustu tvo daga.

Of margar myndir skorti sjónræn áhrif, ljósmyndarinn náði ekki að koma á óvart og skorti hugrekki til að taka um stjórntauma frásagnarinnar. Flestar myndirnar sýndu aðeins nákvæmlega það sem var að gerast framan við myndavélina. Mjög fáir ljósmyndaranna notuðu ljósmyndamálið til að segja sérstæða persónulega sögu – sögu sem einungis þessi tiltekni ljósmyndari getur sagt. Þetta

kom fram í fjölmörgum myndum sem voru nánast allar eins en þó teknar af ólíkum ljósmyndurum.

Berið ábyrgð á myndum ykkar

Ég þykist strax geta heyrt afsakanir sem koma frá íslenskum kollegum mínum. Blöðin senda okkur ekki í áhugaverð verkefni, miðlarnir vilja bara portrett og okkur er ekki gefinn tími til að búa til sögur með myndum – við fjöllum bara um atburði sem eiga sér stað í Reykjavík. Þetta veit ég allt saman – það er synd og skömm að fjölmiðlar eru í sjálfsmorðsferli með því að gefa ekki blaðaljósmyndun þann sess sem hún á skilið í stefnu-mörkun sinni. En það er val fjölmiðlanna og þarf ekki að vera val einstakra ljósmyndara.

Ef þú, ljósmyndarinn, vilt búa til sögur þá geturðu búið til sögur. Þú getur leitað uppi það sem vekur áhuga þinn og myndað það. Þú þarft

ekki dagblað til að koma verkum þínum á framfæri – Internetið er opið öllum. Ef þú ert með sögu sem þú vilt segja, farðu þá og myndaðu hana. Blaðaljósmyndari verður sjálfur að axla ábyrgðina og má ekki bíða eftir því að einhver tiltekinn miðill komi og bjargi heimildaljósmynduninni. Slikt mun ekki gerast – ekki á Íslandi og ekki annars staðar.

Þegar þú ert að vinna verkefni sem þér hefur verið falið verður blaðaljósmyndarinn ætíð að skila einhverri afurð. Þegar myndirnar í keppninni eru skoðaðar fékk ég stundum á tilfinninguna að ljósmyndarinn hefði ekki gert annað en lyft myndavélinni og smeltt af – ekki verið að skapa eða sjá fyrir sér ljósmynd. Blaðaljósmyndarinn verður að vera augað sem sér hið merkilega og segir lesandanum einstaka sögu.

Myndbygging er verkfæri hinnar góðu myndar

Mjög margar myndir notuðu sér að það var eitthvað að gerast eða tiltekna hreyfingu sem leið til að segja sögu. Það er skiljanlegt því ljósmyndir eru einmitt góðar til að gera nákvæmlega það – fanga augnablikið þegar einhver atburður verður.

En það er ekki nóg að fanga hreyfingu – það gerir ekki myndina áhuga-verða. Augnablikið verður að vera hluti af áhugaverðri samsetningu eða myndbyggingu, þar sem önnur atriði myndarinnar leggja sitt af mörkum líka. Til dæmis: áhugaverð birta, gagnlegar línur eða söguvið eða umhverfi sem segir eitthvað.

Of margar myndir voru misheppnaðar – ljósmyndarinn hafði glatað tækifærinu til að skapa jafnvægi ólíkra þátta og skapa þannig áhugaverða sjónræna ímynd. Bakgrunnurinn var stærsta áskorunin – en iðulega var bakgrunnurinn truflandi fyrir meginviðfangsefni myndarinnar. Einfaldlega vegna þess að bakgrunnurinn var of ruglingslegur og skarpur og virkaði ekki með öðrum þáttum myndarinnar. Myndbygging snýst líka um að velja rétta linsu. Fyrir daglegar fréttamyndir er 35 mm linsa yfirleitt besti valkosturinn. Það er ekki tilviljun að mikilvæg-

asta linsa næstum allra þekktra fréttaljósmyndara er 35 mm linsa. Þegar myndað er með aðdráttarlinsu skapast ákveðin fjarlægð til fólks og sömu leiðis verður augnablikið fjarrænt. Og þegar þú notar gleiðlinsu er hætt við að þú lendir í vandamálum með myndbyggingu, því það koma svo mörg atriði og miklar upplýsingar inn í myndrömmann. Margar fréttamyndanna í keppninni voru teknar með aðdráttarlinsu eða gleiðlinsu, sem í hvorugu tilfelli var það heppilegasta fyrir viðkomandi sögu.

Daglegt líf – ekki daglegir atburðir

Það voru margar myndir í keppninni sem féllu í flokkinn „daglegt líf“, þar sem ljósmyndarar voru að mynda opinbera atburði. Þegar ég skoðaði myndirnar í þessum flokki þá tókst mér ekki að fá á tilfinninguna hvernig daglegt líf Íslendinga er. Ég sá bara hvernig það var á tyllidögum, þegar það fór á tónleika o.s.frv. Vissulega er það hulti af daglegu lífi fólks, en aðeins mjög lítil hluti. Ég saknaði þess að sjá ekki daglegt líf á heimilum, skólum, vinnustöðum og öðrum slíkum stöðum. Þar eyðum við öll mestum okkar tíma.

Það var í raun sláandi að nær allar myndirnar í þessum flokki voru teknar úti og á almannafæri eða við einhverja opinbera uppákomu. Það voru fáar myndir sem sýndu inn á heimili fólks – þó svo að það sé þar sem við fyrst og fremst lifum okkar daglega lífi.

Portrett sýni persónuleika

Portrett var langstærsti flokkurinn í keppninni. Það kemur ekki á óvart. Mannamyndataka, eða portrettmyndataka, er um allan ljósmyndaheiminn vinsælasta leiðin til að gera blaðamennsku myndræna. Fjölmildir kjósa að hafa portrett til þess að búa til tengingu við fólk sem verið er að segja frá – og fljótasta og þar með ódýrasta leiðin til þess er að hafa portrettmyndir. Það tekur einfaldlega skemmi tíma að taka portrettmynd en að fylgja fólk eftir og freista þess að ná góðum myndum á áhugaverðum augnablikum í lífi þess.

En góð portrettmynd krefst engu að síður tíma. Ljósmyndarinn þarf að fá minnst eina eða tvær góðar hugmyndir og sá sem situr fyrir þarf að fá góðan tíma til að slaka á og einbeita sér að því að vera myndaður.

Mörg portrettanna sem komu í keppnina skorti góðu hugmyndina um það hvernig myndin ætti að vera. Þá erfiðleika get ég mjög vel skilið, enda er erfitt fyrir ljósmyndara að fá stöðugt nýjar hugmyndir og vera samhliða stjórnandi myndatökunnar. Engu að síður er þetta ný færni sem við, ljósmyndarar, þurfum að læra og tileinka okkur.

Þegar ég skoða portrettmyndirnar í keppninni blasa við mér tvönnar konar áskoranir:

Fólkið á myndunum leit mjög oft út eins og fyrirsætur – og því skorti allan persónuleika í myndirnar.

Fólkið á myndunum hafði verið beðið um að leika eitthvað frammi fyrir myndavélinni. Það er í sjálfu sér ekki endilega neitt að því, en það er hins vegar mjög erfitt að láta það virka eðlilegt. Leikurinn varð stundum að eins konar leikgerð af persónunni sjálfri í stað þess að sýna persónuleika einstaklingsins.

Ljósmyndir og handbolti

Á meðan ég var hér á Íslandi var Heimsmeistarakeppnin í handbolta að hefjast. Þar sem ég er Dani fylgist ég grannt með þessari íþrótt og veit að þrátt fyrir að Ísland sé tiltölulega lítið land hefur það á að skipa einu besta handboltaliði heims. Því fór ég að bera þetta saman við ljósmyndunina.

Þið getið orðið meðal bestu ljósmyndara í heimi, ef þið viljið. Þetta snýst um æfingu og þjálfun – rétt eins og handbolti. Þið verðið að greina verkin ykkar og vinnu, bæta myndatökuna, bera ykkur að með nýjum hætti og umfram allt ræða um verk hver annars. Hjálpast að og vinna eins og liðsheild.

Ég óska ykkur góðs gengis við að segja sögu sem skipta máli og hafa áhrif á lesendur. Ígrundið veröldina í kringum ykkur í stað þess að beina einfaldlega myndavélinni að öllu sem hreyfist.

Hatrömm átök um tilvist og tilgang Blaðamannafélags fyrir 100 árum



Eftir
Birgi Guðmundsson

Fyrir nánast réttum 100 árum birtist frétt um það í dagblaðinu Vísí að stofnað hafi verið nýtt Blaðamannafélag Íslands, enda hafi það félag sem áður var til dáíð drottni sínum. Eins og kunnugt er var Blaðamannafélagið upphaflega stofnað árið 1897 og í þeim sögubrotum þess sem birst hafa er þess jafnan getið að starfsemi hafi á köflum legið niðri en nokkrum sinnum verið endurvakin. Hins vegar hefur ekki verið mikið fjallað um þetta nýja Blaðamannafélag enda varð það strax mjög umdeilt og því haldið fram að nafn félagsins væri rangnefni.

Í frétt Vísís frá 6. janúar 1915 segir: „Hér var fyr um nokkurt skeið blaðamannafélag, en það sundraðist aftur og hefir legið niðri síðan. Á yfirstandandi ófriðartímum er það nauðsynlegt fyrir blöðin að halda saman, og ýms atvik hafa nú gerst hér, sem styðja að nauðsyn þessari. Nokkrir ritstjórar og blaðamenn komu því saman á sunnudaginn og varð þá afráðið að stofna

félagið, og nú hefir félagið samið sér lög og kosið sér stjórn, og telur þegar undir 20 meðlimi með ritstjórum út um land. Tilgangur félagsins er að efla sameiginlega hagsmuni íslenskra blaða og heitir félagið Blaðamannafélag Íslands.“

Svipuð frétt birtist í fleiri blöðum um landið um þetta leyti og má þar nefna Lögréttu, Norðurland og Vestra og er m.a. greint frá því að forustumenn í hinu nýja félagi séu Einar Gunnarsson, sem sé formaður en Einar var ritstjóri Þjóðarinnar og áður ritstjóri og stofnandi Vísís; Þorsteinn Gíslason, sem um þetta leyti var ritstjóri Lögréttu, sem sé gjaldkeri félagsins og Gunnar Sigurðsson frá Selalæk, ritstjóri Vísís, sem sé ritari þess.

Ísafold svarar

Ekki leið þó á löngu áður en þessum fréttum var mótmælt og stofnun félagsins harðlega gagnrýnd. Þar var að verki Ólafur Björnsson (Jónssonar í Ísafold) sem var ritstjóri Ísafoldar. Yfirskrift fréttarinnar í Ísafold gefur tóninn um innihaldið en fyrrsögnin var: „*Blaðamannafélag Íslands*“ – *skeytafélag Vísís*. Eftir að hafa endursagt meginatriði úr frétt Vísís segir Ólafur síðan í Ísafoldarfréttinni:

„Þeir menn er þetta félag (!) hafa stofnað, geta alls eigi skoðast neindir einkafulltrúar fyrir blaðamannastétt þessa lands. Hér er aðallega um að tefla skeytafélag, sem hefir verið í

samlögum um erlend símskeyti — og nú ætlar að fara að rangnefna sig: Blaðamannafélag Íslands. Þessir skeytafélagar rjúka til – með mestu launung – að stofna þenna rangnefnda félagsskap. Sýnir það bezt áferli þeirra og vilja til að vera alment blaðamannafélag alls landsins, að ritstjórum tveggja útbreiddustu blaðanna var alls eigi ger kostur á að taka þátt í stofnun félagsins. Annars má geta þess, að hið íslenska blaðamannafélag er alls eigi dautt, heldur hafa aðeins fundir legið niðri um nokkur ár. Mun nú standa til að fara að taka þá upp aftur. Eitt er víst, að þetta skeytafélag Vísís hefir engan rétt á að nefna sig Blaðamannafélag Íslands.“

Framliðnir blaðamenn!

Opinber samtöl og orðaskipti fyrir einni öld voru vissulega ekki eins hröð og þau eru í dag en þunginn og orðbragðið var síður en svo minna eða kurteisislegra en við þekkjum af samfélagsmiðlum dagsins. Þorsteinn Gíslason, sem hafði langa og mikla reynslu af blaðamennsku og hvers kyns skrifum, svarar í blaði sínu Lögréttu og beitir háðinu óspart þegar hann vísar til Blaðamannafélagsins sem stofnað var 1897. Þorsteinn segir eftir að hafa talið upp merka ritstjóra sem hafi gengið til liðs við hið nýja félag:

„Aftur á móti virðist ritstjóra Ísa-



Þorsteinn Gíslason, ritstjóri Lögréttu, talaði um að Ólafur Björnsson hygðist ganga í félag framliðinna blaðamanna.

foldar vera illa við þessa fjelagsstofnun og vill hann engan þátt eiga í henni, en talar um í síðustu Ísafold að ganga inn í blaðamannafjelag, sem einu sinni endur fyrir löngu var til hjer í bænum, en nú er dautt fyrir eitthvað 12 eða 13 árum. Ætlar hann að vera þar í fjelagsskap við framliðna blaðamenn, og verða þá fjelögin tvö. Hann lætst vera óánægður út af því, hvernig þetta nýja blaðamannafjelag var stofnað, og kvartar um, að sjer hafi ekki verið gefinn kostur á, að vera þar með.“


Gátu verið með

Þorsteinn hafnar því alfarið að ritstjórur Ísafoldar og Morgunblaðsins hafi ekki verið gefinn kostur á að koma að félagsstofnuninni. Um það segir ritstjóri Lögréttu: „En honum [Ólafi Björnssyni] var boðið þetta á sama hátt og öðrum. Fjelagsmyndunin fór þannig fram, að forgangsmáðurinn, eða forgangsmennirnir tveir, sömdu stutt frumvarp handa fjelagsskap blaðamanna, og skyldu þeir skrifa undir það, sem vildu vera með í fjelagsskapnum, og gera þá um leið við það athugasemdir, ef þeim fyndist þess þurfa. Og 4 vottar eru að minsta kosti að því, að ritstj. Ísafoldar fjekk

tilmæli um, að líta á lagauppkastið, er lá frammi á skrifstofu Þjóðarinnar, sem er í miðjum bænum, ekki nema nokkur skref frá skrifstofu Ísafoldar. Undir lagauppkastið hafa þeir skrifað athugasemdalaust, sem nefndir eru hjer á undan, og aðra þátttöku í stofnun fjelagsins hefur enginn átt annar en forgangsmennirnir, sem af eigin hvöt sömdu lagauppkastið og hrintu með því fyrirtækinu á stað. Undir eins og ritstj. Ísafoldar skrifar undir það sama, sem hinir hafa undirskrifað, er hann orðinn einn af stofnendum fjelagsins, og hefur þá átt sama þáttinn í stofnun þess og hver hinna. Þetta nýja fjelag heitir „Blaðamannafjelag Íslands“, en Ísafold segir, að fjelag hinna framliðnu, sem ritstj. hennar ætli nú að ganga inn í, hafi heitið „Hið íslenska blaðamannafjelag“.

Skeytin ganga milli manna

Nær allan janúar 1915 ganga skeytin á milli ritstjóranna um stofnun félagsins og eðli þess og alltaf heldur Ólafur Björnsson því fram að Blaðamannafélagið upphaflega sé enn á lífi og að eðli og tilgangur hins nýja félags sé ekki sá að standa vörð um almenna



Frétt í Vísu um stofnun hins nýja blaðamannafélags.

hagsmuni blaðamanna heldur sé þetta það sem hann kallar „skeytafélag“ – samstöðufélag manna sem hafi sameiginulegra hagsmuna að gæta í því að afla fréttu með blaðskeytum frá útlöndum.

Tvö skeið blaðskeytafélaga

Blaðskeytin og ágreiningur og samkeppni um erlendar fréttir eru einmitt bakgrunnur þessara deilna en samkeppnin um fréttir með fréttaskeytum var umtalsverð á Íslandi á fyrstu árum og áratugum 20. aldar. Segja má að tvö skeið hafi verið í þessari samkeppni, það fyrra hófst fljótlega eftir tilkomu ritsímans og stofnun tveggja samstarfsneta um blaðskeyti árið 1906 og 1907, Blaðskeytasambands annars vegar og Blaðskeytabandalagsins hins vegar. Stofnsamþykktir þessara félaga, einkum þó Blaðskeytabandalagsins, rekur Freysteinn Jóhannsson ágætlega í grein í Lesbók Morgunblaðsins árið 2003 en starfsemin virðist síðan hafa minnkað talsvert undir lok fyrsta áratugs aldarinnar. Seinna skeið blaðskeytasamkeppni hefst svo með kapphlaupinu um að seðja fréttaborsta Íslendinga af atburðum og framgangi mála í fyrri heimsstyrjöldinni. Síðsumars 1914 var stofnað sérstakt blaðskeytafélag, Fréttafélagið, sem gerði samkomulag við Reutersfréttastofuna um 100 orða dagleg skeyti og voru Morgunblaðið og Ísafold kjölfestan í því félagi. Nokkur blöð á landsbyggðinni fengu aðgang að þessum skeytum. Um haustið tók Gunnar Sigurðsson frá Selalæk við ritstjórn Vísis og eins og Guðjón Friðriksson hefur bent á í bók sinni *Nýjustu fréttir* „skúbbaði“ hinn nýi ritstjóri því fyrsta daginn að Fréttafélagið hefði fengið 600 króna styrk frá landsstjórninni en í því fælist mikil mismunun þar sem ekki allir hefðu aðgang að þessum skeytum. Fyrirsagnir segja sitt um tóninn í fréttum Vísis á þessum tíma en ein var: „Flett ofan af skeyta-laumuspieli Morgunblaðsins og Ísafoldar“

Vísir hins vegar brást við samkeppninni með því að stofna annað blaðskeytafélag, Fréttastofuna, sem gerði samninga við Central News í

London. Styrknum frá landsstjórninni mun síðan hafa verið skipt á milli félaganna.

Blaðamenska og samkeppni blaða

Eðlilegast er að túlka (endur)stofnun Blaðamannafélags Íslands árið 1915 sem lið í þessari deilu milli blaðskeytafélaganna, enda virðist svo sem enginn eiginleg félagsstarfsemi hafi orðið í þessu félagi önnur en sú sem snerti blaðskeytin. Guðjón Friðriksson fjallar enda aðeins í örstuttu

»Blaðamannafélag Íslands« — skeytafélag Vísis. Það var opinakátt gert fyrir nokkurum dögum, hátíðlega mjög, í Vísí, að síðastliðinn sunnudag hafi verið stofnað félag blaðamanna, Blaðamannafélag Íslands og sé í því undir 20 manns.

Þeir menn er þetta félag (!) hafa stofnað, geta alls eigi skoðast neinir einkafulltrúar fyrir blaðamannastétt þessa lands. Hér er aðallega um að tefla skeytafélag, sem hefir verið í samlögum um erlend símskeyti — og nú ætlar að fara að rangnefna sig: Blaðamannafélag Íslands. Þessir skeytafélagar rjúka til — með mestu launung — að stofna þenna rangnefnda félagsskap. Sýnir það best atferli þeirra og vilja til að vera alment blaðamannafélag alls landsins, að ritstjórum tveggja útbreiddustu blaðanna var alls eigi ger kostur á að taka þátt í stofnun félagsins.

Annars má geta þess, að hið íslenska Blaðamannafélag er alls eigi dautt, heldur hafa að eins fundir legið niðri um nokkur ár. Mun nú standa til að fara að taka þá upp aftur.

Eitt er víst, að þetta skeytafélag Vísis hefir engan rétt á að nefna sig Blaðamannafélag Íslands.

Ísafold kallaði félagið Blaðamannafélag/ Blaðaskeytafélag Vísis.



Lögrétta lét til sín taka í þessari blaðadeilu.

máli um þessa félagsstofnun í bók sinni um íslenska fjölmiðlasögu, *Nýjustu fréttir*, og þá einmitt í tengslum við samkeppnina um erlendar fréttir á stríðsárunum. Þótt heimildir séu afar slitróttar um starfsemi Blaðamannafélagsins á þessum árum er þó ljóst að árið 1918 er blaðamannafélag stofnað eða endurreist enn á ný og það beitir sér m.a. fyrir bættri aðstöðu blaðamanna á Alþingi. Þá stóð Blaðamannafélagið fyrir ljósmyndakeppni meðal almennings árið 1922 sem vakti mikla athygli og ánægju og var trúlega fyrsta ljósmyndakeppni í landinu og forfaðir Mynda ársins sem við nú þekkjum. Það er svo 1924 sem blaðskeytamál koma aftur við sögu á vegum Blaðamannafélags Íslands þegar það var hvataaðili að stofnun Fréttastofu Blaðamannafélags Íslands en aðild að því félagi áttu flest helstu blöðin í landinu. Þessi fréttastofa starfaði frá 1924-1938 og stýrðu henni tveir

menn, fyrst Skúli Skúlason og síðan Axel Thorsteinsson.

Þó þessi aldargamla deila um hvort Blaðamannafélag Íslands hafi verið lifandi eða dautt og hvort faglegir hagsmunir og hugsjónir blaðamannastéttarinnar hafi þarna ráðið för eða ekki, geti ekki talist til stærslu viðburða í sögu stéttarinnar, þá er hún athyglisverð fyrir ýmissa hluta sakir. Sérstaklega kannski fyrir að varpa ljósi á hve stutt er á milli yfirlýsinga og alhæfinga um blaðamannastéttina, félag hennar og hlutverk annars vegar og samkeppnis- og viðskiptahagsmuna einstakra fjölmiðla hins vegar. Að því gefnu að það sé rétt túlkun að sérhagsmunir og samkeppni blaðskeytafélaganna hafi verið hreyfiafl í stofnun þessa tiltekna endurreista blaðamannafélags, er ljóst að það er ekki og hefði varla getað orðið blaðamannafélag í þeim skilningi sem við leggjum í það hugtak í dag.





Félagaskrá BÍ

Nr:	Nafn:	Vinnustaður:	Hóf störf:	Hóf aðild síðast:	Nr:	Nafn:	Vinnustaður:	Hóf störf:	Hóf aðild síðast:
1	Þorbjörn Guðmundsson		1/9/1942		43	Guðjón P. Arngrímsson		14/9/1976	
2	Atli Steinarsson		30/6/1950	1/1/1951	44	Gísli Sigurgeirsson	N4	1/9/1976	
3	Elín Pálmadóttir		1/1/1951		45	Gróa Ormsdóttir		9/1/1976	
4	Matthías Johannessen		1/1/1951		46	Jónas Haraldsson	FRÉTTATÍMINN	9/4/1977	
5	Jónas Kristjánsson		1/2/1961		47	Ragnar Thor Sigurðsson		1/12/1975	1/6/1977
6	Fríða Björnsdóttir		21/6/1961	10/1/1962	48	Kjartan Stefánsson	VIÐSKIPTABLAÐIÐ	9/11/1977	
7	Bragi Guðmundsson		1/6/1962		49	Sigurður H. Hreiðarsson		9/6/1959	1/1/1977
8	Oddur Valur Ólafsson		1/1/1957	2/1/1967	50	Sævar Guðbjörnsson	LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS		7/11/1977
9	Björn Sigurpálsson		15/10/1964	12/3/1965	51	Álfheiður Ingadóttir		1/1/1973	1/1/1979
10	Magnús Finnsson		1/4/1965		52	Eiríkur Stefán Eiríksson		26/1/1978	
11	Steinar Lúðvíksson		1/9/1965		53	Heiður Helgadóttir		1/2/1978	
12	Kári Jónasson		1/1/1962		54	Kristinn Hallgrímsson		1/6/1977	1/6/1978
13	Ingvi Hrafn Jónsson		1/1/1966		55	Hulda Steinunn Valtýsdóttir			1/9/1978
14	Freysteinn Jóhannsson		1/5/1967		56	Emilía Björg Björnsdóttir	MORGUNBLAÐIÐ	1/9/1974	2/10/1978
15	Árni Johnsen		7/10/1967	1/12/1968	57	Guðlaugur Bergmundsson		1/3/1979	
16	Jóhanna Kristjónsdóttir		7/10/1967	1/12/1968	58	Fríða Proppé		19/3/1979	
17	Styrmir Gunnarsson		1/6/1965	12/4/1970	59	Atli Rúnar Halldórsson	ATHYGLI	1/9/1976	1/6/1979
18	Kjartan Lárus Pálsson		1/6/1968	21/1/1971	60	Hilmar Karlsson		1/6/1979	
19	Sigtryggur Sigtryggsson	MORGUNBLAÐIÐ	1/10/1970	1/10/1971	61	Pórir Guðmundsson	RAUÐI KROSS ÍSLANDS	1/5/1979	
20	Gunnar Valberg Andrésson	365 MIÐLAR	1/1/1967	6/4/1972	62	Valgerður P. Jónsdóttir		1/6/1979	
21	Jóhannes Reykdal	HÚSASMIÐJAN	1/8/1971	29/7/1972	63	Ellert Schram		1/1/1960	1/3/1980
22	Úlfar Þormóðsson		14/7/1971	24/8/1972	64	Sveinn Kristján Guðjónsson		1/1/1973	1/5/1980
23	Sigurdór Sigurdórssón		1/1/1971	1/1/1973	65	Anna Björnsson		3/5/1980	
24	Sigmundur Steinarsson	SPORTHAMAR	1/5/1972	1/8/1973	66	Eiríkur Jónsson	ÍSLENSK GETSPÁ	1/5/1978	1/6/1980
25	Þróstur Haraldsson		1/1/1973	1/1/1974	67	Hjörtur Gíslason	KVÓTINN.IS	1/1/1976	1/6/1978
26	Arnór G. Ragnarsson			26/6/1974	68	Kristján Már Unnarsson	365 MIÐLAR	1/9/1980	1/8/2002
27	Árni Jörgensen		1/6/1973	26/6/1974	69	Agnes Guðrún Bragadóttir	MORGUNBLAÐIÐ	14/9/1980	
28	Þorbergur Kristinsson		1/3/1973	7/5/1974	70	Valgerður Katrín Jónsdóttir	ADHD SAMTÖKIN	15/9/1981	
29	Árni Þórarinnsson		1/1/1971	19/9/1974	71	Jón Viðir Sigurðsson	MORGUNBLAÐIÐ	1/9/1981	
30	María Ólafsdóttir		1/10/1972	14/1/1975	72	Sigmundur Ernir Rúnarsson	PIPAR/TBWA	1/10/1981	
31	Sveinn Sigurðsson		1/1/1973	1/2/1975	73	Lúðvík Geirsson		1/3/1979	1/1/1982
32	Hilmar Pétur Þormóðsson		1/5/1969	10/5/1975	74	Guðjón S Sveinbjörnsson			1/3/1982
33	Pórir Þorsteinsson		1/1/1975	20/5/1975	75	Hjálmar Jónsson	BLAÐAMANNAFÉLAG ÍSLANDS		18/5/1982
34	Atli Magnússon		1/1/1974	20/5/1975	76	Jón Baldvín Halldórsson		1/6/1981	1/6/1982
35	Stefán Friðbjarnarson		1/8/1974	20/5/1975	77	Skapti Hallgrímsson	MORGUNBLAÐIÐ		1/7/1982
36	Ágúst Ingi Jónsson	MORGUNBLAÐIÐ	1/6/1972	20/5/1975	78	Páll Stefánsson	ICELAND REVIEW		1/7/1982
37	Ásgeir Tómasson		1/9/1975		79	Magnús Sigurðsson			1/10/1982
38	Borghildur Anna Jónsdóttir		1/1/1972	1/10/1975	80	Fríðrik Þór Guðmundsson		1/7/1982	1/1/1983
39	Katrín Pálsdóttir		5/1/1976		81	Valþór Hlökkversson	ATHYGLI	1/1/1982	1/1/1983
40	Ragnar Guðni Áxelsson	MORGUNBLAÐIÐ	15/1/1976		82	Páll Hilmar Ketilsson			1/1/1983
41	Gunnar E. Kvaran	ATHYGLI	1/5/1976		83	Árni Sæberg Kristjánsson	MORGUNBLAÐIÐ	1/2/1983	
42	Jóhannes Tómasson		21/6/1976		84	Guðmundur Sveinn Hermannsson	MORGUNBLAÐIÐ	30/5/1983	



Nr:	Nafn:	Vinnustaður:	Hóf störf:	Hóf aðild síðast:	Nr:	Nafn:	Vinnustaður:	Hóf störf:	Hóf aðild síðast:
85	Helgi Bjarnason	MORGUNBLAÐIÐ	1/7/1982	1/6/1983	133	Ómar P. Ragnarsson			1/1/1988
86	Óli Örn Andreassen		1/1/1976	1/7/1983	134	Óttar Halldór Sveinsson		3/1/1988	
87	Aðalsteinn Ingólfsson		1/9/1978	1/9/1983	135	Sigurjón Jóhann Sigurðsson		14/11/1984	1/3/1988
88	Eygló Stefánsdóttir		1/1/1977	1/4/1984	136	Heimir Már Pétursson	365 MIÐLAR	1/4/1988	16/9/2005
89	Sverrir Vilhelmsson		1/4/1984		137	Hallur Þorsteinsson		9/5/1988	
90	Júlíus Sigurjónsson	MORGUNBLAÐIÐ	1/5/1984		138	Guðjón Guðmundsson	VIÐSKIPTABLAÐIÐ	15/5/1988	
91	Sigurður Friðbjófnsson	VERKALÝÐSFÉLAGIÐ HLÍF	1/5/1984		139	Kristján Jónsson	MORGUNBLAÐIÐ	5/6/1986	25/5/1988
92	Anna Hólmfríður Yates		1/5/1984		140	Ólafur P. Stephensen		1/6/1987	1/6/1988
93	Guðmundur Ólafur Ingvarsson		1/6/1982	1/6/1984	141	Margrét Þóra Þórsdóttir		1/6/1983	1/6/1988
94	Mörður Árnason		1/6/1984		142	Porfinnur Ómarsson			1/7/1988
95	Ásdís Haraldsdóttir		12/6/1984		143	BJÖRN LEÓSSON	ÍSLENSK GETSPÁ		1/7/1988
96	Árni Þórður Jónsson	ATHYGLI	1/6/1984		144	Kristján Sigurjónsson		1/8/1988	1/8/1988
97	Guðbjörg R. Guðmundsdóttir	GRUND	1/6/1980	1/7/1984	145	Guðlaug Konráðsdóttir		1/9/1988	
98	Þorsteinn J. Vilhjálmsson		8/8/1984		146	Stefán Ásgrímsson	FÍB	1/9/1988	
99	Elín Hirst		31/8/1984		147	Hjalti Jón Sveinsson			1/10/1988
100	Rúnar Ármann Arthússon		1/1/1973	1/9/1984	148	Sigrún Soffía Hafstein	VERKFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS	10/10/1988	
101	Jóhanna Árný Ingvarsdóttir		9/1/1984		149	Lúðvík Örn Steinarsson		1/8/1988	1/3/1989
102	Valur Benedikt Jónatansson	KYNNISFERÐIR	1/1/1985		150	Hilmar Bragi Bárðarson	VÍKURFRÉTTIR		1/7/1989
103	Gullveig T Sæmundsdóttir		1/1/1985		151	Ásgeir Friðgeirsson		1/8/1989	
104	Anna Kristine Magnúsdóttir		3/1/1977	1/1/1985	152	Kristinn Ingvarsson	MORGUNBLAÐIÐ	1/8/1989	
105	Birgir Guðmundsson		1/15/1985		153	Hulda Gunnarsdóttir		1/9/1989	
106	Edda Guðrún Andrésdóttir	365 MIÐLAR		3/1/1985	154	Þorgeir Lawrence		1/10/1989	
107	Jón G. Hauksson	ICELAND REVIEW	5/1/1982	2/1/1985	155	Valtýr Björn Valtýsson	365 MIÐLAR	1/11/1989	
108	Guðrún Sigríður Guðlaugsdóttir		3/1/1984	4/1/1985	156	Guðmundur O. Hilmarsson	MORGUNBLAÐIÐ	1/11/1989	
109	Skúli Unnar Sveinsson	NORRÆNA FERÐASKRIFSTOFAN	6/1/1983	6/1/1985	157	Jón Birgir Pétursson		1/6/1987	15/1/1990
110	Bragi V. Bergmann	FREMRI ALMANNATENGSL	9/1/1985		158	Elín Sveinsdóttir			1/2/1990
111	Sigurður Már Jónsson		9/17/1985		159	Björn Jóhann Björnsson	MORGUNBLAÐIÐ		1/3/1990
112	Peter Radovan Jan Vosicky			1/1/1986	160	Einar Falur Ingólfsson	MORGUNBLAÐIÐ		1/5/1990
113	Pjetur Sigurðsson	365 MIÐLAR	7/4/1986		161	Þórunn Þórsdóttir		1/6/1987	1/6/1990
114	Páll Helgi Hannesson		1/5/1986		162	Þorlákur Helgason		1/8/1990	
115	Ragnhildur Sverrisdóttir	NOVATOR	1/1/1984	1/6/1986	163	Pétur Steinn Guðmundsson	DELOITTE	28/8/1986	23/8/1990
116	Steinþór Guðbjartsson	MORGUNBLAÐIÐ	1/3/1984	1/1/1986	164	Jón Ársæll Þórðarson	365 MIÐLAR	1/3/1984	1/9/1990
117	Ingibjörg Bára Sveinsdóttir	365 MIÐLAR	1/8/1986		165	Jóhann Hjálmarsson		1/1/1960	1/10/1990
118	Brynjar Gauti Sveinsson	KATLA MATVÆLAÍÐJA	1/9/1986		166	Pétur Þorsteinsson			2/10/1990
119	Jóhannes Sigurjónsson	SKARPUR		1/10/1986	167	Bjarni Harðarson			3/10/1990
120	Sigurveig Jónsdóttir			1/10/1986	168	Steingrímur Sævarr Ólafsson	SÆVARR SLF.	1/5/1985	4/10/1990
121	Jón Kristján Sigurðsson	UMFÍ	1/12/1986		169	Sigurður Bogi Sævarsson	MORGUNBLAÐIÐ	2/1/1991	
122	Birna Þórðardóttir			1/1/1987	170	Gestur Einar Jónsson			1/4/1991
123	Bryndís Kristjánsdóttir		1/9/1986	1/1/1987	171	Magnús Hjörleifsson			10/4/1991
124	Margrét Sverrisdóttir		1/3/1987		172	Anna Gunnhildur Ólafsdóttir		1/6/1988	1/6/1991
125	Elín Albertsdóttir	365 MIÐLAR	1/5/1987		173	Hildur Helga Sigurðardóttir		6/6/1980	27/7/1991
126	Ómar Friðriksson	MORGUNBLAÐIÐ	20/5/1984	1/5/1987	174	Telma Lucinda Tómasson	365 MIÐLAR	1/1/1992	1/10/1998
127	Jóhann Ólafur Halldórsson	ATHYGLI	1/5/1987		175	Brynjólfur Jónsson			1/3/1992
128	Kristín Helga Gunnarsdóttir		12/9/1987		176	Geir Agnar Guðsteinsson			1/6/1992
129	Bogi Þór Arason	MORGUNBLAÐIÐ	14/9/1987		177	Guðni Einarsson	MORGUNBLAÐIÐ		1/6/1992
130	Pétur Gunnarsson	SÁA	21/9/1987		178	Margrét Elísabet Ólafsdóttir		1/9/1987	1/6/1992
131	Geir Ragnar L. Andersen		1/10/1987		179	Jóna Rúna Kvaran		1/1/1973	15/9/1992
132	Haukur Holm	RÚV	28/10/1987		180	Þorgeir Ástvaldsson	365 MIÐLAR		15/9/1992

FÉLAGASKRÁ

Nr:	Nafn:	Vinnustaður:	Hóf störf:	Hóf aðild síðast:	Nr:	Nafn:	Vinnustaður:	Hóf störf:	Hóf aðild síðast:
181	Sólveig Baldursdóttir	ATHYGLI	1/1/1989	1/11/1992	229	Róbert Marshall		1/3/1999	
182	Guðrún Helga Sigurðardóttir			2/11/1992	230	Sigurjón R. Sigurjónsson		1/1/1989	16/10/1997
183	Pétur Pétursson		1/7/1992	3/11/1992	231	Snæfríður Ingadóttir	ÁR OG DAGAR	17/3/1999	1/11/2005
184	Porvaldur Örn Kristmundsson		1/1/1991	4/11/1992	232	Jakob Bjarnar Grétarsson	365 MIÐLAR	1/9/1991	1/11/1997
185	Bergljót Davíðsdóttir		5/3/1981	5/11/1992	233	Anna Sigríður Einarsdóttir	ORF LÍFTÆKNI	17/5/1999	
186	Bragi Þór Jósefsson			6/11/1992	234	Óskar Ófeigur Jónsson	365 MIÐLAR	1/6/1999	
187	Áslaug Ragnars		1/1/1972	7/11/1992	235	Gunnþóra Gunnarsdóttir	365 MIÐLAR	1/8/1990	1/6/1999
188	Orri Páll Ormarsson	MORGUNBLAÐIÐ	1/6/1994		236	Þóra Þórarinsdóttir		1/6/1999	
189	Lárus Karl Ingason		1/1/1987	1/6/1994	237	Hörður Kristjánsson	BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS	1/9/1999	
190	Reynir Traustason			13/6/1994	238	Garðar Örn Úlfarsson	365 MIÐLAR	15/9/1996	1/9/1999
191	Porsteinn Gunnarsson			1/10/1994	239	Anna Margrét Björnsson	MORGUNBLAÐIÐ	1/12/1999	
192	Steingerður Steinarsdóttir	BIRTINGUR		1/12/1994	240	Próstur Emilsson	ADHD SAMTÖKIN	1/1/2000	
193	Erlingur Páll Ingvarsson	ICELAND REVIEW	1/2/1995		241	Margrét Stefánsdóttir	BLÁA LÖNIÐ	7/1/2000	
194	Jón Kaldal	IMAG	1/5/1993	1/5/1995	242	Tómas Gunnarsson	RÚV	15/1/2000	
195	Gunnar Hersveinn Sigursteinsso		1/6/1995		243	Steinnun Arnþrúður Björnsdóttir		1/1/1987	24/1/2002
196	Karl Blöndal	MORGUNBLAÐIÐ		1/6/1995	244	Njáll Gunnlaugsson		18/2/2000	
197	Svava Jónsdóttir			1/7/1995	245	Grétar J. Guðmundsson		25/4/2000	
198	Guðjón Einarsson	VIÐSKIPTABLAÐIÐ		15/10/1995	246	Jóhann Hlíðar Harðarson	RÚV	1/5/2000	
199	Guðjón Guðmundsson	365 MIÐLAR	1/1/1996		247	Steinnun Stefánsdóttir		22/5/2000	
200	Þórður Ingimarsson		1/1/1980	1/2/1996	248	Bergþóra Njála Guðmundsdóttir		24/5/2000	
201	Halldór Kolbeins			3/4/1996	249	Vilmundur Hansen	BÆNDABLAÐIÐ	1/6/2000	
202	Haraldur Jónasson	FRÉTTATÍMINN	1/6/1996		250	Sigríður Björg Tómasdóttir		1/6/2000	
203	Kjartan Þorbjörnsson	MORGUNBLAÐIÐ	1/1/1990	1/6/1996	251	Sigurður Elvar Þórólfsson	VÍKURFRÉTTIR	19/6/2000	
204	Guðrún Hálfánardóttir	MORGUNBLAÐIÐ	4/6/1996		252	Guðrún Nelly Sigurðardóttir	BIRTINGUR	15/7/2000	
205	Margrét Sveinbjörnsdóttir	BRÚARSMIDJAN	18/6/1996		253	Brynjólfur Þór Guðmundsson		1/9/2000	
206	Auðunn Arnórsson		1/6/1995	1/7/1996	254	Ómar Óskarsson	MORGUNBLAÐIÐ	1/10/2000	
207	Valgerður Anna Jóhannsdóttir		20/8/1996		255	Guðríður Haraldsdóttir	BIRTINGUR	1/1/2001	
208	Arnás Þorgeirsdóttir	KENNASAMBAND ÍSLANDS	1/11/1996		256	Lofur Atli Eiríksson	SAMHJÁLP	1/1/2001	
209	Gísli Þorsteinsson	NÝHERJI	1/11/1996		257	Kristján Hjálmarsson	H:N MARKAÐSSAMSKIPTI	9/4/2001	
210	Guðsteinn Bjarnason	365 MIÐLAR	1/12/1993	1/1/1997	258	Kolbrún Ingibergsdóttir		20/4/2001	
211	Brynhildur Kristín Ólafsdóttir	FERÐAFÉLAG ÍSLANDS	1/1/1986	14/3/1997	259	Edda Jóhannsdóttir		20/4/2001	
212	Ívar Benediktsson	MORGUNBLAÐIÐ	1/5/1997		260	Jóhann Ágúst Hansen		25/4/2001	
213	Arnar Björnsson	365 MIÐLAR	1/5/1997		261	Marta María Jónasdóttir	MORGUNBLAÐIÐ	1/5/2001	
214	Sigrún Birna Birnisdóttir		1/6/1997		262	Freyr Bjarnason	365 MIÐLAR	4/6/2001	
215	Bryndís Hólm		1/6/1997		263	Sunna Ósk Logadóttir	MORGUNBLAÐIÐ		1/7/2001
216	Gissur Sigurðsson	365 MIÐLAR	1/6/1997		264	Óskar Hrafn Þorvaldsson	365 MIÐLAR	1/2/2000	
217	Sólveig Ólafsdóttir		1/10/1997		265	Eiríkur Stefán Ásgeirsson	365 MIÐLAR	1/7/2001	
218	Styrmir Guðlaugsson		1/5/1988	1/10/1997	266	Óli Kristján Ármannsson	365 MIÐLAR	1/9/2001	
219	Hávar Sigurjónsson	LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS		1/12/1997	267	Sigurður Már Harðarson	BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS	1/9/2001	
220	Ari Magnússon		15/12/1997		268	Hildur Kristjánsdóttir	SAGA FILM	1/4/2000	1/10/2001
221	Jóhanna Steinunn Snorradóttir	ÍFISKUR	1/3/1998		269	Hrafnhildur Gunnarsdóttir		16/10/2001	
222	Teitur Jónasson	FRÉTTATÍMINN	1/6/1995	1/6/1998	270	Védís Skarphéðinsdóttir	LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS	26/11/2001	
223	Ragnheiður Linnet	BIRTINGUR	15/6/1998		271	Hörður Magnússon	365 MIÐLAR	1/7/2000	1/4/2002
224	Kristinn Garðarsson	MORGUNBLAÐIÐ	1/10/1988	13/7/1998	272	Eyrún Magnúsdóttir	MORGUNBLAÐIÐ	1/6/2001	1/6/2001
225	Magnús Hlynur Hreiðarsson		15/9/1998		273	Bjarni Brynjólfsson		1/1/2001	
226	Lóa Pind Aldísardóttir	365 MIÐLAR	1/7/1998	15/9/1998	274	Inga Rún Sigurðardóttir	MORGUNBLAÐIÐ	1/6/1999	1/6/2002
227	Snorri Már Skúlason	ASÍ	1/9/1998		275	Brynjar Gunnarsson		7/7/2002	
228	Trausti Hafliðason	VIÐSKIPTABLAÐIÐ	3/2/1999		276	Magnús Teitsson		10/10/2002	



Nr:	Nafn:	Vinnustaður:	Hóf störf:	Hóf aðild síðast:	Nr:	Nafn:	Vinnustaður:	Hóf störf:	Hóf aðild síðast:
277	Henry Birgir Gunnarsson	365 MIÐLAR	1/11/2002		325	Stígur Helgason		1/12/2005	
278	Inga María Leifsdóttir	ÍSLENSKA ÓPERAN	1/1/2003		326	Ingveldur Geirsdóttir	MORGUNBLAÐIÐ	1/12/2005	
279	Vilhelm Gunnarsson	365 MIÐLAR	10/1/2003		327	Eliza Jean Reid	DUDO	14/12/2005	
280	Jón Trausti Reynisson		1/1/2003		328	Valur Grettiðsson		1/1/2006	
281	Erla Hjördís Gunnarsdóttir	BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS	25/2/2003		329	Svanfríður Inga Jónasdóttir		1/1/2006	
282	Árni Hallgrímsson	HVALUR	1/5/2003		330	Jón Ármann Steinsson		1/1/2000	
283	Silja Björk Huludóttir	MORGUNBLAÐIÐ	1/6/2003		331	Guðrún Elín Arnardóttir	MAN	15/1/2006	
284	Brjann Jónasson	GREY TEAM ÍSLANDI	1/6/2003		332	Svavar Hávarðsson	365 MIÐLAR	1/2/2006	
285	Kristín Heiða Kristinsdóttir	MORGUNBLAÐIÐ	1/6/2003		333	Höskuldur Kári Schram	365 MIÐLAR	1/2/2006	
286	Kolbrún Bergþórsdóttir	DV	23/6/2003		334	Kristinn Hrafnsson		1/2/2006	
287	Guðrún H Finnsdóttir		12/11/2003		335	Fríðrik Indriðason		20/2/2006	
288	Svanborg Sigmarsdóttir		27/11/2003		336	Sigríður Elva Vilhjálmsdóttir	365 MIÐLAR	1/3/2006	
289	Birna Anna Björnsdóttir		1/12/2003		337	Eyþór Árnason	EÁ LJÓSMYNDUN	1/4/2003	25/3/2006
290	Póra Kristín Ásgeirsdóttir	365 MIÐLAR	1/1/2004		338	Dóróthea Svavarsdóttir	ENNEMM	1/4/2006	
291	Stefán Pór Karlsson	365 MIÐLAR	24/1/2004		339	Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir		1/4/2006	
292	Árni Torfason		1/2/2004		340	Höskuldur Daði Magnússon	FRÉTTATÍMINN	1/6/1999	15/5/2006
293	Ummur Hrefna Jóhannsdóttir		1/2/2004		341	Lára Ómarsdóttir	RÚV	1/12/2005	
294	Indiana Ása Hreinsdóttir	DV	6/2/2004		342	Atli Már Gylfason	DV	1/4/2005	
295	Júlía Guðrún Ingólfssdóttir		1/3/2004		343	Halldór Halldórsson			9/6/2006
296	Freyr Einarsson	365 MIÐLAR	21/4/2004		344	Janus Sigurjónsson	VIÐSKIPTABLAÐIÐ	1/8/2006	
297	Kristófer Helgason	365 MIÐLAR	1/5/2004		345	Sigurjón Magnús Egilsson	365 MIÐLAR	15/5/1987	1/8/2006
298	Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir	SÍMINN	1/5/2004		346	Kristjana Björg Guðbrandsdóttir	365 MIÐLAR	15/9/2006	
299	Jóhannes Kristján Kristjánsson	RÚV	1/1/2003		347	Sigríður Guðlaugsdóttir	BARNAHEILL	1/10/2006	
300	Valgarður Gíslason	365 MIÐLAR	1/6/2004		348	Ingveldur Róbertsdóttir	365 MIÐLAR	1/10/2006	
301	Brynhildur Björnsdóttir		1/6/2004		349	Sigríður Björk Bragadóttir	BIRTINGUR	1/10/2006	
302	Jón Pétur Jónsson	MORGUNBLAÐIÐ	1/6/2004		350	Póður Snær Skagfjörð Júlíusso	KJARNINN MIÐLAR	20/10/2006	
303	Ásta Andrésdóttir		7/6/2004		351	Jónas Hallgrímsson		1/1/2007	
304	Kristín Eva Þórhallsdóttir		9/8/2004		352	Kolbeinn Þorsteinsson	DV	1/1/2007	
305	Sigríður Elín Ásmundsdóttir	BIRTINGUR	14/9/2004		353	Baldur Hans Þórarinnsson Beck		1/1/2007	
306	Halldór Tinni Sveinsson	365 MIÐLAR	1/10/2004		354	Rósa Jóhannsdóttir		1/1/2007	
307	Ingi Ragnar Ingason		17/11/2004		355	Ragnheiður Gyða Jónsdóttir	BIRTINGUR	1/3/2004	1/2/2007
308	Sigurður Guðmundur Tómasson		1/1/1978	18/11/2004	356	Gerður Harðardóttir		15/2/2007	
309	Magnús Halldórsson	KJARNINN MIÐLAR	1/5/2005		357	Hrund Þórsdóttir	365 MIÐLAR	1/3/2007	
310	Andri Ólafsson	365 MIÐLAR	1/2/2005		358	Sveinn Guðmar Waage	MENIGA	1/3/2007	
311	Brynja Dögg Friðriksdóttir		1/3/2005		359	Eygló Svala Arnarsdóttir	ICELAND REVIEW	1/3/2007	
312	Sólveig Gísladóttir	365 MIÐLAR	1/3/2005		360	Helga Arnardóttir	RÚV	1/4/2007	
313	Breki Logason	365 MIÐLAR	1/4/2005		361	Gunnar Reynir Valþórsson	365 MIÐLAR	15/4/2007	
314	Jón Aðalsteinn Bergsveinsson	VIÐSKIPTABLAÐIÐ	1/5/2005		362	Guðmundur Karl Sigurdórsson		1/5/2007	
315	Andri Karl Elínars. Ásgeirsson	MORGUNBLAÐIÐ	15/5/2005		363	Erla Hlynisdóttir	FRÉTTATÍMINN	15/5/2007	
316	Sigtryggur Ari Jóhannsson	DV	20/5/2005		364	Einar Þór Sigurðsson	DV	15/5/2007	
317	Ásgrímur Örn Hallgrímsson		1/6/2005		365	Jón Hákon Halldórsson	365 MIÐLAR	1/6/2007	
318	Bjarni Ólafsson	VIÐSKIPTABLAÐIÐ	1/6/2005		366	Margrét Á. Halldórsdóttir	BIRTINGUR EHF	1/8/2007	
319	Gunnar Gunnarsson	AUSTURFRÉTT	8/8/2005		367	Baldur Guðmundsson	DV	1/9/2007	
320	Sigrún María Kristinsdóttir		1/4/2000	15/9/2005	368	Freyr Rögnvaldsson		1/9/2007	
321	Logi Bergmann Eiðsson	365 MIÐLAR	29/9/2005		369	Sigríður Víðis Jónsdóttir		1/1/2000	1/9/2007
322	Heimir Karlsson	365 MIÐLAR	1/10/2005		370	Kolbrún Pálína Helgadóttir	SPORTHÖLLIN	15/9/2007	
323	Helgi Snær Skagfjörð Sigurðsson	MORGUNBLAÐIÐ	1/10/2005		371	Vala Ósk Bergsveinsdóttir		26/9/2007	
324	Lilly Valgerður Pétursdóttir	365 MIÐLAR	1/11/2005		372	Sindri Sindrason	365 MIÐLAR	1/10/2007	

FÉLAGASKRÁ

Nr:	Nafn:	Vinnustaður:	Hóf störf:	Hóf aðild síðast:	Nr:	Nafn:	Vinnustaður:	Hóf störf:	Hóf aðild síðast:
373	Ingimar Karl Helgason		1/10/2007		421	Anna Lilja Þórisdóttir	MORGUNBLAÐIÐ	1/10/2010	
374	María Ólafsdóttir	HÁSKÓLINN BIFRÖST	1/10/2007		422	Agnes Ósk Valdimarsdóttir		1/11/2010	
375	Sigríður Hagalín Björnsdóttir		1/11/2007		423	Kristján Jónsson	MORGUNBLAÐIÐ	1/11/2010	
376	Hrefna Sigurjónsdóttir	HEIMILI OG SKÓLI	1/11/2007		424	Helga Kristjánsdóttir	BIRTINGUR	1/11/2010	
377	Rakel Ósk Sigurðardóttir		15/11/2007		425	Kolbrún Björnsdóttir	KRIA-HJOL	1/12/2010	
378	Hjalti Þór Hreinsson	365 MIÐLAR	1/5/2007	1/12/2007	426	Kristín Ýr Gunnarsdóttir	BIRTINGUR	1/12/2010	
379	Sigurður Mikael Jónsson	DV	1/12/2007		427	Íris Dögg Pétursdóttir	BIRTINGUR	10/12/2010	
380	Ragnheiður Tryggvadóttir	365 MIÐLAR	1/2/2008		428	Þorgeir Ólafsson		1/7/2010	1/2/2011
381	Tómas Þór Þórðarson	365 MIÐLAR	1/2/2008		429	Hlín Einarsdóttir	PRESSAN	1/2/2011	
382	Arnþór Birkisson		1/3/2008		430	Porkell Þorkelsson		3/6/1985	1/2/2011
383	Haraldur Guðjónsson	VIDSKIPTABLAÐIÐ	1/4/2008		431	Koen Kjartan Van de Putte		1/4/2011	
384	Kjartan Guðmundsson		1/4/2008		432	Hanna Ruth Ólafsdóttir	365 MIÐLAR	1/1/2011	
385	Páll Friðriksson	NÝPRENT	20/4/2008		433	Sólrun Lilja Ragnarsdóttir	DV	1/1/2011	
386	Daníel Rúnarsson		1/5/2008		434	Óskar Þór Halldórsson		30/1/2011	
387	Eva Georgsdóttir	365 MIÐLAR	1/6/2008		435	Þóra Tómasdóttir		1/4/2011	
388	Þorbjörn Þórðarson	365 MIÐLAR	1/6/2008		436	Malin Brand	MORGUNBLAÐIÐ	1/4/2011	
389	Þorbjörg Alda Marínósdóttir	SKJÁRINN	1/7/2008		437	Guðlaug S. Sigurðardóttir	MORGUNBLAÐIÐ	1/4/2011	
390	Vera Einarsdóttir	365 MIÐLAR	1/8/2008		438	Ásta Sigrún Magnúsdóttir	DV	1/4/2011	
391	Freyr Arnarson	RÚV	1/10/2008		439	Sveinn Birkir Björnsson	ÍSLANDSSTOFA	1/6/2011	
392	Ragnar Halldór Santos	RÚV	1/10/2008		440	Hallur Már Hallsson	MORGUNBLAÐIÐ	1/6/2011	
393	Þór Ægisson	RÚV	1/10/2008		441	Viktória G. Hermannsdóttir	365 MIÐLAR	1/6/2011	
394	Vilhjálmur Þ. Guðmundsson	RÚV	1/10/2008		442	Viðar Guðjónsson	MORGUNBLAÐIÐ	1/8/2011	
395	Þórunn Elísabet Bogadóttir	KJARNINN	1/6/2007		443	Berglind Þorsteinsdóttir	NÝPRENT EHF	1/8/2011	
396	Guðmundur Bergkvist Jónsson	RÚV	1/10/2008		444	Hjörtur Jónas Guðmundsson	MORGUNBLAÐIÐ	1/8/2011	
397	Sighvatur Jónsson	SIGVA	1/1/2009		445	Tómas Aquinas Rizzo	BIRTINGUR	1/9/2011	
398	Sigrún Ósk Kristjánsdóttir	365 MIÐLAR	1/1/2009		446	Haraldur Guðmundsson	365 MIÐLAR	1/8/2011	
399	Eggert Jóhannesson		14/10/2003	1/2/2009	447	Atli Fannar Bjarkason	FÁLKI ÚTGÁFA	1/9/2009	
400	Þorbjörg Eva Erlendsdóttir		1/4/2009		448	Hödd Vilhjálmsson	365 MIÐLAR	1/9/2011	
401	Hilda Jana Gísladóttir	N4	1/5/2009		449	Hrefna Guðmundsdóttir		1/9/2011	
402	Sara McMahon	IMAG	1/6/2009		450	Hörður Ægisson	DV	1/10/2011	
403	Birgir Olgeirsson	365 MIÐLAR	1/9/2009		451	Jón Agnar Ólason	MORGUNBLAÐIÐ	1/10/2011	
404	Ragnhildur Aðalsteinsdóttir	BIRTINGUR	1/9/2009		452	Marta Goðadóttir		1/11/2011	
405	Ólöf Jakóbína Ernudóttir	BIRTINGUR	1/9/2009		453	Ásgeir Erlendsson	365 MIÐLAR	1/11/2011	
406	Guðmundur Benediktsson	365 MIÐLAR	1/10/2009		454	Hallgerður G. Hallgrímsdóttir	BIRTINGUR	1/12/2011	
407	Gunnlaugur Einar Briem		1/3/2002	1/11/2009	455	Hulda Óladóttir	365 MIÐLAR	1/12/2011	
408	Elísabet Margeirsdóttir	365 MIÐLAR	1/11/2009		456	Benedikt Bóas Hinriksson	MORGUNBLAÐIÐ	1/1/2012	
409	Hólmfríður Gísladóttir	MORGUNBLAÐIÐ	1/1/2010		457	Andrew Scott Fortune		1/1/2012	
410	Kjartan Kjartansson	MORGUNBLAÐIÐ	1/1/2010		458	Ómar R. Valdimarsson	BLOOMBERG ICELAND	1/2/2012	
411	Júlía Margrét Alexandersdóttir	MORGUNBLAÐIÐ	1/3/2010		459	Björn Jónas Þorláksson		1/3/2012	
412	Baldur Hrafnkell Jónsson		1/4/2010		460	Kjartan G. Kjartansson	MORGUNBLAÐIÐ	1/3/2012	
413	Jóhann Garðar Ólafsson		1/5/2010		461	Sigríður Dögg Auðunsdóttir	FRÉTTATÍMINN	1/4/2012	
414	Jón Bjarki Magnússon	DV	1/5/2010		462	Anna Brynja Baldursdóttir	BIRTINGUR	1/5/2012	
415	Friðrika Sigríður Benónýsdóttir	365 MIÐLAR	1/6/2010		463	Þórunn Kristjánsdóttir	MORGUNBLAÐIÐ	1/5/2012	
416	Álfrún Pálsdóttir	365 MIÐLAR	1/6/2010		464	Svana Lovísa Kristjánsdóttir		1/5/2012	
417	Aðalsteinn Kjartansson	365 MIÐLAR	1/6/2010		465	Ólafur Einar Jóhannsson	CRI	1/5/2012	
418	Þröstur Ernir Viðarsson	ÚTGÁFUFÉLAGIÐ	1/7/2010		466	Ingvar Pétur Guðbjörnsson		1/6/2012	
419	Björk Eiðsdóttir	MAN	1/8/2010		467	Elvar Geir Magnússon	FÓTBOLTI	1/6/2012	
420	Matthías Árni Ingimarsson		1/9/2010		468	Magnús Már Einarsson	FÓTBOLTI	1/6/2012	



Nr:	Nafn:	Vinnustaður:	Hóf störf:	Hóf aðild síðast:	Nr:	Nafn:	Vinnustaður:	Hóf störf:	Hóf aðild síðast:
469	Símon Örn Reynisson		1/7/2012		517	Ástríður Viðarsdóttir	MORGUNBLAÐIÐ	1/9/2013	
470	Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir	BIRTINGUR	1/7/2012		518	Hjörvar Hafliðason	365 MIÐLAR	1/9/2013	
471	Mikael Torfason		1/8/2012		519	Gunnar Leó Pálsson	365 MIÐLAR	1/9/2013	
472	Erni Eyjólfsson	FRÉTTABLAÐIÐ	1/8/2012		520	Jón Júlíus Karlsson		1/9/2013	
473	Kristín Dröfn Einarsdóttir	BIRTINGUR	1/8/2012		521	Samúel Karl Ólason	365 MIÐLAR	1/10/2013	
474	Edda Hermannsdóttir	VIÐSKIPTABLAÐIÐ	1/6/2012		522	Fanney Birna Jónsdóttir	365 MIÐLAR	1/10/2013	
475	Lilja Katrín Gunnarsdóttir		1/1/2009		523	Elísabet Hall	365 MIÐLAR	1/11/2013	
476	Ester Andrésdóttir		1/10/2012		524	Kjartan Atli Kjartansson	365 MIÐLAR	1/11/2013	
477	Sigurður Sveinn Sverrisson	ATHYGLI	1/11/2012		525	Eva Bjarnadóttir	365 MIÐLAR	1/11/2013	
478	Kári Örn Hinriksson		1/12/2012		526	Friðrika Hjördís Geirsdóttir	365 MIÐLAR	1/10/2013	
479	Ragnhildur Lára Finnsdóttir		1/12/2012		527	Kjartan Hreinn Njálsson	365 MIÐLAR	1/11/2013	
480	Kolbeinn Tumi Daðason	365 MIÐLAR	1/12/2012		528	Þórunn Garðarsdóttir		1/2/2013	
481	Haukur Viðar Alfreðsson	BRANDENBURG	1/12/2012		529	Þórhildur Þorkelsdóttir	365 MIÐLAR	1/5/2013	
482	Valur Snær Gunnarsson		1/3/2013		530	Sindri Sverrisson	MORGUNBLAÐIÐ	1/5/2013	
483	Kristján Sigurjónsson		1/3/2013		531	Pétur Atli Lárusson	MORGUNBLAÐIÐ	29/2/2004	
484	Haraldur Þór Stefánsson		1/5/2013		532	Guðrún Björk Kristjánsdóttir		1/9/2013	
485	Katrín Rut Bessadóttir	BIRTINGUR	1/7/2005	1/5/2013	533	Jakob Fannar Sigurðsson		1/1/2014	
486	Helga Dís Björgúlfssdóttir		1/12/2012		534	Hákon Davíð Nielsen Björnsson	BIRTINGUR	1/12/2013	
487	Kristín Sigurrós Einarsdóttir	NÝPRENT	1/4/2013		535	Bjarki Ármannsson	365 MIÐLAR	1/12/2013	
488	Gígja Dögg Einarsdóttir	EIÐFAXI	1/1/2013		536	Þórður Arnar Þórðarson	MORGUNBLAÐIÐ	1/1/2014	
489	Guðrún Hulda Pálsdóttir	EIÐFAXI	1/1/2013		537	Baldvin Örn Berndsen		1/2/2014	
490	Gunnar Dofri Ólafsson	MORGUNBLAÐIÐ	1/2/2013		538	Frosti Kr. Logason	365 MIÐLAR	1/1/2014	
491	Anna Marsibil Clausen	MORGUNBLAÐIÐ	1/2/2013		539	Lilja Björk Hauksdóttir	365 MIÐLAR	1/1/2014	
492	Zoë Robert	ICELAND REVIEW	1/3/2013		540	Stefán Óli Jónsson		1/2/2014	
493	Guðmundur Magnússon	MORGUNBLAÐIÐ	1/8/2013		541	Halla Harðardóttir	FRÉTTATÍMINN	1/2/2014	
494	María Lilja Prastardóttir		1/1/2012		542	Birta Björnsdóttir	365 MIÐLAR	15/6/2005	1/2/2014
495	Hjörtur Júlíus Hjartarson	365 MIÐLAR	1/3/2013		543	Einar Ólason		17/5/2004	
496	Elín Hrunn Þorgeirsdóttir	GENGUR VEL	1/1/2013		544	Olga Björt Þórðardóttir	VÍKURFRÉTTIR	1/3/2014	
497	Lára Halla Sigurðardóttir	MORGUNBLAÐIÐ	1/5/2013		545	Kári Finnsson	VIÐSKIPTABLAÐIÐ	1/3/2014	
498	Stefán Gunnar Sveinsson	MORGUNBLAÐIÐ	1/5/2013		546	Sigurður Nordal	MORGUNBLAÐIÐ	1/3/2014	
499	Jóhanna Einarsdóttir	365 MIÐLAR	1/4/2013		547	Þorkell Gunnar Sigurbjörnsson	MORGUNBLAÐIÐ	1/3/2014	
500	Ólöf Skaftadóttir	365 MIÐLAR	1/5/2013		548	Klara Egilson Geirsdóttir	HUN.IS	1/9/2011	
501	Dagný Hulda Erlendsdóttir		1/6/2013		549	Áslaug Karen Jóhannsdóttir	DV	1/3/2014	
502	Gunnþórunn Jónsdóttir	MORGUNBLAÐIÐ	1/6/2013		550	Jón Steinar Sandholt	DV	24/3/2014	
503	Stefán Árni Pálsson	365 MIÐLAR	1/6/2013		551	Snærós Sindradóttir Bachmann	365 MIÐLAR	1/3/2014	
504	Nanna Elísa Snædal Jakobsdóttir	365 MIÐLAR	1/6/2013		552	Hildur Friðriksdóttir	BIRTINGUR	1/3/2014	
505	Gunnlaugur Helgason	365 MIÐLAR	1/7/2013		553	Anna Margrét Gunnarsdóttir	BIRTINGUR	1/4/2014	
506	Erla Björg Gunnarsdóttir	365 MIÐLAR	1/8/2013		554	Erna Hreinsdóttir	BIRTINGUR	1/4/2014	
507	Þorsteinn Haukur Harðarson	MÓI INTERNET	1/2/2013		555	Sveinn Arnarsson	365 MIÐLAR	1/4/2014	
508	Heiða Rós Helgadóttir	BIRTINGUR	1/5/2013		556	Ingvar Haraldsson	365 MIÐLAR	1/4/2014	
509	Óðinn Örn Jóhannsson	EIÐFAXI	1/8/2013		557	Gunnar Atli Gunnarsson	365 MIÐLAR	1/5/2014	
510	Birgir Þór Harðarson	KJARNINN MIÐLAR	1/9/2013		558	Edda Sif Pálsdóttir	365 MIÐLAR	1/5/2014	
511	Elva Hrunn Ágústsdóttir	BIRTINGUR EHF	1/8/2013		559	Linda H. Blöndal Hrafnkelsdóttir	365 MIÐLAR	1/5/2014	
512	Anna Gréta Oddsdóttir	BIRTINGUR EHF	1/11/2013		560	Kristjana María Ásbjörnsdóttir	MÓI INTERNET	1/6/2014	
513	Hjálmar Friðriksson	DV	1/10/2013		561	Ásgeir Jónsson		1/5/2013	
514	Hörður Sveinsson		1/5/2013		562	Erla Karlsdóttir	DV	1/6/2014	
515	Hersir Aron Ólafsson		1/8/2013		563	Lilja Ósk Sigurðardóttir	BIRTINGUR	1/5/2014	
516	Sigurborg Selma Karlsdóttir	MORGUNBLAÐIÐ	1/9/2013		564	Atli Ísleifsson	365 MIÐLAR	1/7/2014	

Nr:	Nafn:	Vinnustaður:	Hóf störf:	Hóf aðild síðast:	Nr:	Nafn:	Vinnustaður:	Hóf störf:	Hóf aðild síðast:
565	Ægir Þór Eysteinnsson	KJARNINN MIÐLAR	1/7/2014		582	Sunna Sæmundsdóttir	MORGUNBLAÐIÐ	1/5/2013	
566	Sigurður Ægisson	SIGLFIÐINGUR.IS	1/9/2014		583	Sunna Karen Sigurbórsdóttir	365 MIÐLAR	1/6/2014	
567	Ragnheiður O. Davíðsdóttir	KRAFTUR	1/8/2014		584	Auður Albertsdóttir	MORGUNBLAÐIÐ	1/6/2014	
568	Hugrún Björnsdóttir		1/9/2014		585	Guðmundur Guðjónsson		1/10/2014	
569	Sunna Kristín Hilmarsdóttir	365 MIÐLAR	1/9/2014		586	Jóhann Óli Eiðsson	365 MIÐLAR	1/11/2014	
570	Adda Soffía Ingvarsdóttir	365 MIÐLAR	1/9/2014		587	Gyða Lóa Ólafsdóttir	365 MIÐLAR	1/11/2014	
571	Þórður Ingi Jónsson	365 MIÐLAR	1/9/2014		588	Kolbeinn Óttarsson Proppé	365 MIÐLAR	1/6/2011	
572	Lisa Gail Shannen		1/11/2014		589	Silja Magnúsdóttir	365 MIÐLAR	1/1/2015	
573	Aldís Pálsdóttir	BIRTINGUR	1/9/2014		590	Heiða Kristín Helgadóttir	365 MIÐLAR	1/1/2015	
574	Rut Sigurðardóttir	BIRTINGUR	1/9/2014		591	Magnús Guðmundsson	365 MIÐLAR	1/1/2015	
575	Stefán Stefánsson		1/6/1998		592	Hannes Heimir Friðbjörnsson	FRÉTTATÍMINN	1/1/2015	
576	Ragnheiður Guðmundsdóttir		1/10/2014		593	Ragnheiður Eiríksdóttir	DV	1/1/2015	
577	Sveinbjörn Þórðarson		1/10/2014		594	Kristján Guðjónsson	DV	1/2/2015	
578	Brynja Huld Óskarsdóttir	UNICEF	1/11/2014		595	Ingileif Friðriksdóttir	MORGUNBLAÐIÐ	1/6/2014	
579	Baldur Eiríksson		1/5/2013		596	Guðrún Valdimarsdóttir	BIRTINGUR	1/1/2015	
580	Björn Már Ólafsson	STÚDENTARÁÐ HÍ	1/5/2013		597	Stefán Einar Stefánsson	MORGUNBLAÐIÐ	1/1/2015	
581	Guðný Hrönn Antonsdóttir		1/5/2013						



Endurmenntunar- og háskólasjóður blaðamanna

Námsstyrkir

Stjórn Endurmenntunar- og háskólasjóðs Blaðamannafélags Íslands auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum, vegna lengra eða skemmra náms fastráðinna félaga í BÍ

Umsóknum skal skilað til skrifstofu BÍ.

Hægt er að sækja um á heimasíðunni

www.press.is eða með því að senda

tölvupóst á bi@press.is

Námskeið sem koma til greina við úthlutun styrkja eru m.a.:

- Nám við háskóla á Íslandi
- Annað lengra nám hérlendis
- Endurmenntun í erlendum skólum s.s. hjá NJC í Árósum
- Önnur sérstök námskeið erlendis

Styrkir vegna styttri námskeiða hér heima eru greiddir á skrifstofu BÍ að námi loknu gegn framvísun reiknings fyrir þáttökugjöldum.



Munið Styrktarsjóð BÍ

Styrktarsjóður var settur á laggirnar í kjölfar kjarasamninga Blaðamannafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins snemma árs 2001. Reglugerð um starfsemi sjóðsins var samþykkt á aðalfundi félagsins þá um vorið og hafa starfsreglur á grundvelli reglugerðarinnar verið í mótun síðan þá, en með vexti sjóðsins hefur fjölgað þeim málefnum sem sjóðurinn hefur getað látið sig varða. Allir fullgildir félagsmenn í BÍ, sem greitt hafa í sjóðinn í sex mánuði, eiga aðild að sjóðnum. Eftirfarandi reglur gilda frá 1. janúar 2014:

Laun í veikindum:

Styrktarsjóður tryggir full laun allt að 400 þúsund kr. á mánuði í eitt ár eftir að veikindi hefjast að frádregnum veikindarétti samkvæmt kjarasamningum.

Fæðingarstyrkir og ættleiðing:

Veittir eru styrkir vegna fæðingar barns. Styrkirnir taka mið af lengd fæðingarorlofs og eru að lágmarki 105 þúsund kr. og að hámarki 210 þúsund kr. Viðbótarstyrkur er veittur vegna útgjalda við ættleiðingu barns.

Krabbameinsskoðun:

Krabbameinsskoðanir eru greiddar að fullu.

Hjartaskoðun:

Eftirlit vegna hjartasjúkdóma er greitt að fullu.

Lækniskostnaður:

Greiddur er árlegur almennur lækniskostnaður vegna sjóðfélaga umfram 12 þúsund kr. á ári að 32.300 kr., en þá stofnast réttur til útgáfu afsláttarskírteinis frá Sjúkratryggingum ríkisins.

Sjúkraþjálfun og -nudd:

Sjóðurinn greiðir helming kostnaðar vegna sjúkraþjálfunar og sjúkranudds að hámarki 40 þúsund kr. á ári.

Útfararstyrkir:

Sjóðurinn greiðir útfararstyrki vegna andláts félagsmanna. Styrkurinn er 400 þús. kr.

Endurhæfing:

Greiddur er helmingur kostnaðar vegna endurhæfingar hjá H-L stöðinni.

Tæknifrjógvanir:

Greidd eru 50% kostnaðar vegna tæknifrjógvana samkvæmt gjaldskrá Tryggingastofnunar ríkisins.

Lasermeðferð á augum:

Greiddur er 75 þús. kr. styrkur vegna aðgerðar á hvoru auga.

Sálfræðikostnaður:

Greitt er allt að 75 þús. á ári samkvæmt nánari reglum. Skilyrði að meðferðin sé að læknisráði og þarf að framvísa beiðni frá trúnaðar- eða heimilislækni um að viðkomandi hafi þurft á meðferðinni að halda. Greitt fyrir 15 skipti á hverjum tólf mánuðum að hámarki 5.000 kr. fyrir hvert skipti.

Heilsuhæli:

Greitt er vegna dvalar á viðurkenndum heilsuhælum innlands allt að helmingur kostnaðar þó ekki meira en 100 þús. kr. á hverjum tólf mánuðum.

Gleraugu og heyrnartæki:

Tekið er þátt í kostnaði vegna kaupa á gleraugum og heyrnartækjum sem nemur helmingi kostnaðar samkvæmt framlögðu frumriti reiknings allt að kr. 50 þúsund á 24 mánaða fresti.

Göngumæling/innlegg:

Greidd eru 75% kostnaðar, þó að hámarki 20 þús. kr. vegna göngumælingar og innleggja samkvæmt læknisráði. Sambærileg endurgreiðsla vegna annarra minniháttar hjálpartækja.

Tannlæknakostnaður:

Greiddur er helmingur kostnaðar umfram 50 þúsund kr. að 300 þúsund kr. vegna tannlæknakostnaðar af heilsufarsástæðum. Styrkur getur þó aldrei orðið hærri en 125 þúsund kr.

Mikil útgjöld vegna heilbrigðisþjónustu:

Ef um mikil útgjöld er að ræða vegna heilbrigðisþjónustu, sem ekki fellur undir neinn lið hér að ofan, er hægt að sækja sérstaklega um styrk vegna þess til stjórnar sjóðsins. Umsókn skal studd gögnum og reikningum vegna útlagðs kostnaðar.

Heilsuefling:

Veittur er styrkur vegna heilsueflingar sem getur numið allt að helmingi kostnaðar, þó ekki hærri en sem nemur 20 þús. kr. á hverju almanaksári gegn framvísun frumrits reiknings.

Almennt gildir að forsenda endurgreiðslu er framvísun frumrits fullgildra greiðslukvittana vegna útlagðs kostnaðar. Hvað almennan lækniskostnað varðar nægir ljósrit af útgefnu afsláttarskírteini sem staðfesting á því að kostnaður hafi náð 28 þúsund kr. Annars þarf að framvísa greiðslukvittunum. Um greiðslu fæðingarstyrkja gildir að leggja þarf fram gögn frá fæðingarorlofsjóði Tryggingastofnunar ríkisins um greiðslur frá sjóðnum í fæðingarorlofi.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Blaðamannafélagsins, www.press.is